


FJÖLRIT Náttúrufræðistofnunar

28

Jón Hallur Jóhannsson
Björk Guðjónsdóttir

Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni

Könnun 1987-1994



Desember 1995

Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Hlemmi 3
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritstjóri: Erling Ólafsson

Kápumynd
og teikningar: Jón Baldur Hlíðberg

EFNISYFIRLIT

Bls.

ÁGRIP	5
INNGANGUR	66
ATHUGUNARSVÆÐI	6
ADFERÐIR	99
Útvinna	99
Mat á varpi og túlkun gagna	100
Útbreiðslukort og tegundaumfjöllun	102
FYRRI ATHUGANIR	102
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	103
Tegundir sem sést hafa á svæðinu	103
Tegundir sem verpa í Steingrímsfirði og nágrenni	103
Fjöldi varptegunda í einstökum reitum	103
Útbreiðsla	103
Tegundir sem verpa víða	103
Strandtegundir	104
Grímsey á Steingrímsfirði og fuglufjörg	104
Vottlendi	104
Heiðalönd	105
Nýlegir landnemar	105
Hve margir fuglar verpa í Steingrímsfirði og nágrenni?	105
ATHYGLISVERÐ FUGLASVÆÐI	107
NIÐURLAG	107
TEGUNDATAL	108
Lómur	109
Himbrinni	20
Fjall	21
Toppskaffur	22
Álf	23
Heiðugas	24
Grágæs	25
Rauðhöfðaönd	26
Urtönd	27
Stökkönd	28
Duggönd	29
Æður	30
Straumönd	31
Hávellá	32
Toppönd	33
Gulönd	34
Haförn	35
Smyrill	36
Fálki	37
Rjúpa	38
Tjaldur	39
Sandlóa	40

	Bls.
Heimlíða.....	41
Sendlingur	42
Louþræll.....	43
Hrossagaukur.....	44
Jaðrakan	45
Sprói.....	46
Stekkur.....	47
Óðinshani.....	48
Kjói.....	49
Hettumáfur.....	50
Sílamáfur.....	51
Silfuramáfur.....	52
Hvítumáfur.....	53
Svartbakur	54
Rita	55
Kría	56
Álka.....	57
Teista	58
Lundli.....	59
Þúfuttlingur	60
Manfurða.....	61
Músarrindill.....	62
Steindepill	63
Skógarþróstur	64
Hrafn.....	65
Snjóttlingur	66
HEIMILDIR	67
ENGLISH SUMMARY	69
VIÐAUKAR	70
1. viðauki. Landsvæði, skoðunaráttak í reitum og mat á hversu vel reitir voru kannaðir.....	70
2. viðauki. Heimildarmenn og skammstafanir í tegundatöli.....	71
3. viðauki. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni og áætluð stofnstærð ..	72
4. viðauki. Fjöldi og hlutfall reita eftirmatsstigum fyrir hvern tegund	74
5. viðauki. Staða tegunda í hverjum reit 1987-94	75
6. viðauki. Fjöldi tegunda í einstökum reitum eftir matsstigum.....	76

VARPFUGLAR Í STEINGRÍMSFIRÐI OG NÁGRENNI Könnun 1987-1994

Jón Hallur Jóhannsson
Björk Guðjónsdóttir

Lágholtssvegi 4
107 Reykjavík

ÁGRIP

Sumrin 1987-94 kortlögðum við útbreiðslu varpfugla í Steingrímsfirði og nágrenni skv. 10x10 km reitakerfi. Athugunarsvæðið nær yfir 14 reiti frá mynni Steingrímsfjarðar, vestur um Þorskafjarðar- og Steingrímsfjarðarheiðar og norður í Kaldbaksvík. Alls er svæðið um 11080 km² og er austurjaðar þess 85 km löng strandlengja.

Auk athugana frá fyrrgreindum árum er stuðst við eldri upplýsingar, m.a. eigin athuganir frá 1953-57.

Þjallað er um hverja tegund á einni blaðsíðu og varpútbreiðsla sýnd á korti, þar sem gefið er til kynna hversu öruggar upplýsingar um varp eru. Ef tegundin hefur orpið áður í viðkomandi reit er slíkt sýnt með sérstöku tákni á útbreiðslukortunum. Eftir því sem tilefni gefst til og rúm leyfir er skýrt frá varpútbreiðslu, stofnstærð og þekktum breytingum sem orðið hafa á þeim þáttum. Útdráttur á ensku fylgir hverri tegundarumfjöllun.

Alls hafa 48 tegundir orpið í Steingrímsfirði og nágrenni svo vitað sé og urpu 47 þeirra á árunum 1987-94. Um 44 tegundir eru árvissir varpfuglar á svæðinu, 4 eru óreglulegir varpfuglar og 1 tegund er hætt að verpa. Tólf tegundir hafa numið land á athugunarsvæðinu á síðastliðnum 40 árum og eru 8 þeirra sjófuglar.

Öruggar og líklegar varptegundir í einstökum reitum voru 8-35 en að meðaltali 23 tegundir. Í 70% reita urpu 21-35 tegundir. Gróflega áætlað verpa um 55.000 - 90.000 þör fugla á athugunarsvæðinu. Algengustu varpfuglarnir eru sjófuglar og eru þeir áætlaðir um 70% af heildarfjölda fugla á svæðinu. Mest er af fýl, æðarfugli, kríu og lunda. Af landfuglum eru stofnar heiðlóu og þúfutittlings stærstir en snjótitlingur er útbreiddasti varpfuglinn.

INNGANGUR

Vorið 1987 hófum við skipulegar athuganir á fuglalífi við Steingrímsfjörð. Kveikjan að þessu starfi var áhugi okkar á fuglum en val athugunarsvæðis byggðist á því að annar höfunda (JHJ) er staðkunnugur þar frá fyrri tíð. Hann hélt fugladagbækur á unglingsárum sínum á Hólmavík, einkum 1953-57, en þá flutti hann þaðan. Með þessi gögn í höndunum fannst okkur fróðlegt að gera ítarlega könnun á útbreiðslu varpfugla og fleiru varðandi fugla á þessu svæði og skeyta saman við eldri vitneskju. Einnig lék okkur hugur á að kanna hugsanlegar breytingar á fuglalífi á síðustu áratugum.

Á athugunarárum okkar ræddum við við fjölda fólks sem veitti okkur margvíslegar upplýsingar og fyrirgreiðslu. Í vetrarferðum vegna talningar fugla um jólaleytið höfðum við aðsetur í Strandaseli, húsi Áttthagafélags Strendamanna. Ævar Petersen á Náttúrufræðistofnun Íslands veitti okkur margháttaða aðstoð og leiðbeiningar við skipulagningu útlivinnu og Kristinn H. Skarphéðinsson aðstoðaði við úrvinnslu og gekk frá skýrslunni til prentunar. Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Ólafur Karl Nielsen lásu handrit og Ingrid Markan las próförk. Jón Baldur Hlíðberg gerði kápumynd og teikningar, Helga Valdemarsson sá um ritvinnslu og Sigrún Jónsdóttir teiknaði 1. mynd. Útbreiðslukort voru teiknuð með tölvuforritinu ATLAS sem Gunnlaugur Pétursson samdi. Öllum þessum aðilum er hér með þakkað.


ATHUGUNARSVÆÐI

Athuganir okkar náðu yfir Steingrímsfjörð og vatnasvið hans, Bjarnarfjörð og Kaldbaksvík (1. mynd). Suðurmörkin voru við Kollafjarðarnes, norðurmörk við norðanverða Kaldbaksvík og vesturmörkin aðeins vestan vatnaskila á Þorskafjarðar- og Steingrímsfjarðarheiðum. Strandlengjan er um 85 km að slepptum vogum og töngum, hólum og eyjum.

Norður- og austurmörk svæðisins voru ákvörðuð af legu reita. Að vestan fylgja mörk syðstu reitanna að mestu vatnaskilum en tveir nyrðri reitanna ná nokkuð vestur fyrir vatnaskil á Steingrímsfjarðarheiði og Þorskafjarðarheiði. Að norðan falla innsti hluti Selárdals, Hvannadalur og efstu drög Hvannadalsár utan svæðisins, svo og efstu drög Goðdalsár (1. mynd).

Allt er athugunarsvæðið 14 reitir (10x10 km) eða tæplega 1,2% af þeim 1190 reitum sem eru í íslenska reitakerfinu (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994). Flatarmál lands er um 1080 km², því innan austustu reitanna eru allstór sjávarsvæði á Húnaflóa og ytri hluta Steingrímsfjarðar (alls um 320 km²). Grímsey á Steingrímsfirði er sér í reit ásamt smáhólum í mynni Kollafjarðar.

Ströndin einkennist af klettatöngum og víkum með malar- eða hnullungafjöru fyrir botni. Við sunnanverðan Steingrímsfjörð eru víða sjávargrundir, malarkambar og áreyrar. Þar er sums staðar mikið útfiri og gróðurmiklar klapparfjörur, t.d. við Gálmaströnd, Kirkjuból og Tunguöröf.



1. mynd. Afbildun á svæðið Steingrimsfjörður og nágrenni og skiping þess í 10x10 km reiti. Sýnd eru helstu örnefni sem notuð voru til að staðsetja athuganir, ár, vötn og 400 m hæðarlína. - The study area in Steingrimsfjörður and vicinity in NW-Iceland and the 10x10 km squares used. Major rivers and lakes are shown in black and the 400 m contour in dashed lines. The names refer to sub-regions used to describe bird distribution.

Leirur, yfirleitt grófkorna, eru einkum á þremur stöðum. Við Tunguá eru maðkafjörur í vogum og víkum sem nýttar eru af vaðfuglum allt sumarið og jaðrakanar og rauðbrystingar koma þar við á vorin. Þá er leirusvæði við botn Steingrimsfjarðar (Stakkanesleira) og gætir þar fersks vatns úr Staðará. Þar er oft mikið af vaðfuglum vor og haust svo og hettumáfar og andfuglar. Allstórir hópar umferðarfugla koma þar við, svo sem sendlingar, lóuprælar og tildrur. Sanderlur hafa sést þar og margæsir á síðustu árum. Í Bjarnarfirði er mikið

útfiri og leirusvæði við fjarðarbotninn með áhrifum fersks vatns úr Bjarnarfjarðará. Þar er oft margt um vaðfugla, einkum vor og haust, og stórir hópar álfta og grágæsa fella þar flugfjaðrir síðsumars.

Sandfjara með foksandi er fyrir botni Kaldbaksvíkur og þar vottar fyrir sandhólum með melgresi. Sjávarfitjar eru aðeins í litlum mæli við Tungugróf og Bjarnarfjarðarbotn. Að öðru leyti eru fjörur að mestu þangi vaxnar klapparfjörur (sbr. Agnar Ingólfsson 1975).

Fjöldi hólma og skerja er með ströndum fram. Allmargar eyjar eru á athugunarsvæðinu og er Grímsey á Steingrímsfirði þeirra stærst, mikil og hálend í fjarðarmynninu. Nokkrar eyjar eru á Bjarnarfirði og undan Böllum í landi Eyja.

Undirlendi er mest við sunnanverðan Steingrímsfjörð. Þar eru allmiklar sjávargrundir, melar og móar, mýrar og flóar upp af og nokkrir dalir sem ár falla um. Mestu dalirnir eru Staðardalur og Selárdalur, sem báðir liggja frá fjarðarbotninum. Þá er nokkurt undirlendi austan til á Selströnd, ofan sjávarkletta frá Bæ að Valshöfða, í Bjarnarfirði inn af fjarðarbotninum, svo og inn af Kaldbaksvík.

Fjalllendi einkennist af fremur lágum hálsum og heiðum á sunnanverðu svæðinu og allt umhverfis Steingrímsfjörð að norðverðum Bjarnarfirði. Norðan fjarðarins eru Balafjöll há og sæbrött og gengur Kaldbakshorn (508 m y.s.) í sjó fram sunnan Kaldbaksvíkur. Vestur af Steingrímsfjarðarbotni eru Steingrímsfjarðarheiði og Þorskafjarðarheiði (400-500 m), syðsti hluti hinnar hrjóstrugu hásléttu Vestfjarðakjálkans.

Votlendi, mýrar og flóa er helst að finna við innanverðan Steingrímsfjörð að sunnan. Má þar nefna svæðið Húsavík - Tröllatunga - Hrófá. Einnig Þiðriksvalladal, Kálfaflóa, Stakkamýri, Vatnadal og Selárdal. Talsvert votlendi er austast á Selströnd, í Bjarnarfirði og inn af Kaldbaksvatni.

Ár eru margar á athugunarsvæðinu, einkum við sunnanverðan Steingrímsfjörð, en flestar vatnslitlar. Mestar eru Staðará og Selá, sem báðar falla í fjarðarbotninn. Í Bjarnarfirði er Bjarnarfjarðará, sem mynduð er af Goðdalsá og Sunddalsá, og nokkrar smáar norðar, á Böllum og í Kaldbaksvík.

Stöðuvötn eru fjölmörg á svæðinu en flest á hálendinu. Um 80 þeirra eru stærri en 10 ha. Rúmlega helmingur þeirra (43) er 400-500 m y.s. en aðeins 14 neðan 300 m (Hákon Aðalsteinsson o.fl. 1989). Þiðriksvallavatn er eina eiginlega láglendisvatnið (73 m y.s.) við Steingrímsfjörð. Kaldbaksvatn er allstórt ísált sjávarlón (1 m y.s.) við Kaldbaksvík. Í Vatnadal eru Hrófbergsvatn og Fitjavatn (161 m y.s.) og á Bjarnarfjarðarhálsi eru mörg vötn og tjarnir. Stærst eru Urriðavötn (172 m y.s.). Á hálendinu er mikill fjöldi vatna, einkum á Steingrímsfjarðar- og Þorskafjarðarheiðum í meira en 400 m y.s. Stærst eru Margrétarvatn, Hólmavatn, Lómavatn og Gedduvatn.

Einkennandi gróðurlendi eru graslendi, mýrar, lyng- og fjalldrapamóar. Steingrímsfjörður má heita skóg- og kjarrlaus. Þó var fyrrum allmikið gulvíðikjarr í Selárdal, sem eyddist á þessari öld. Nokkurt birkikjarr er víða í Bjarnarfirði en það virðist í afturför. Kjarlleifar eru í Asparvíkurdal á Böllum þar sem heitir Brenniliðarhögg. Fyrir ofan 400 m y.s. er óvíða samfelld gróðurþekja nema við suma vatnsbakka og í snjóðældum.

Reglulegar veðurathuganir eru ekki gerðar á svæðinu en næstu athugunarstöðvar eru í Hrútafirði og á Gjögri. Þó hefur úrkoma verið mæld á Ytra-Ósi síðan 1992. Veðurfar einkennist af fremur svölum sumrum og fremur köldum vetrum. Á láglendi er meðalhiti júlímánaðar sennilega 8-10°C en mun lægri á hálendinu og þar eru þokur tíðar. Firðir og megindalir hafa austur-vesturstefnu og dregur það úr áhrifum norðanáttar. Úrkoma er talin fremur lítil á sumrum en víða er snjóþungt á veturna, einkum á Selströnd, í Bjarnarfirði og á hálendinu.

Á þeim tíma sem við stunduðum athuganir viðraði best tvö fyrstu árin (1987-88). Vorið 1989 var óvenju snjóþungt og hafði það mikil áhrif á varp, einkum á hálendinu. Til dæmis urpu álfir ekki á Steingrímsfjarðarheiði það árið en 4-5 þör höfðu orpið næstu tvö árin á undan. Reyndar hefur áltavarp ekki enn náð sér á strik á heiðinni eftir snjóþunga vorið 1989.

Ísa leysir venjulega á láglendi (t.d. á Þiðriksvallavatni) um mánaðamót maí - júní. Á hálendinu fara vakir ekki að myndast fyrr en í síðari hluta júní og mörg vötn verða ekki auð fyrr en um miðjan júlí. Stundum gerir slæm hret á varptíma, eins og 1992 en það hófst 23. júní og stóð í rúma viku með slyddu og snjókomu. Hiti fór niður undir frostmark á láglendi og mikið drapst af ungum.

ÁÐFERÐIR

Rit þetta er árangur af átta ára starfi sem hófst vorið 1987. Skipulegri gagnasöfnun lauk haustið 1993 en þegar úrvinnsla gagna hófst komu í ljós atriði sem okkur þótti ástæða til að kanna betur og var það gert sumarið 1994.

Útvinna

Áður en skipulegar athuganir hófust fór annað okkar (JHJ) um athugunarsvæðið, í júní 1984 (ásamt Sigurði Helga Jóhannssyni) og seint í ágúst sama ár. Í júní 1985 fór JHJ um svæðið, einkum Steingrímsfjarðarheiði.

Fyrstu árin (1987-88) takmörkuðust athuganir við Steingrímsfjörð og Steingrímsfjarðarheiði var athuguð sérstaklega. Að tillögu Ævars Petersens var ákveðið að kortleggja varpfugla eftir 10x10 km reitakerfi. Athugunarsvæðið stækkaði þá verulega og takmarkaðist fremur af reitaskipan en landsháttum. Meginviðfangsefni okkar var eftir sem áður vatnasvið Steingrímsfjarðar. Að auki bættust við fjórir reitir að norðaustan sem taka yfir Bjarnarfjörð, Bjarnarfjarðarháls, Bala, Balafjöll að norðanverðri Kaldbaksvík (1. mynd).

Við heimsóttum svæðið jafnan fjórum sinnum á ári (1. tafla). Í maí dvöldum við frá nokkrum dögum til viku (vorferð), í júní og júlí skoðuðum við fugla í 2-4 vikur (sumarferð) og fórum oftast eina ferð í lok ágúst eða byrjun september (haustferð). Loks töldum við fugla á tveimur svæðum við Steingrímsfjörð (auðkennd nr. 123 og 128) í desember (vetrartalning; Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991, 1993).

1. tafla. Fuglaathuganir höfundna í Steingrímsfirði og nágrenni 1987-94. - *Observation periods of the authors in Steingrímsfjörður and vicinity in 1987-94.*

Ár Year	Vor Spring	Sumar Summer	Haust Autumn	Vetur Winter	Alls (dagar) Total (days)
1987	29.-30.5.	10.-18.7. 25.-27.7.	12.-13.9.	27.-28.12.	18
1988	28.-31.5.	6.-18.7.	16.-18.9.	27.-31.12.	25
1989	29.4.-3.5.	2.-4.6. 5.-14.7.	1.-3.9.	25.-31.12.	28
1990	24.-26.5.	6.-11.7. 20.-25.7.	31.8.-1.9.	23.-29.12.	24
1991	18.-20.5.	12.-15.7.		26.-31.12.	13
1992	1.-3.5.	21.-29.6. 4.-6.7. 9.-12.7. 20.-25.7.		23.-28.12.	31
1993	8.-10.5. 29.-31.5.	16.-19.7.		23.-27.12.	15
1994	14.-15.5. 21.-22.5.	17.6.-3.7. 19.7.-22.7.	27.-28.8.	23.-28.12.	33
Dagar/ days	30	101	12	44	187

Meðan við dvöldum við athuganir á svæðinu héldum við til í húsbíl. Við ókum alla færa vegi og gengum síðan dagsferðir frá bílnum. Einnig fórum við lengri gönguferðir og bjuggum þá í tjaldi. Við notuðum lítinn gúmmibát til þess að komast út í vatna- og sjávarhólma.

Athugunarreitir voru kannaðir misjafnlega vel en reynt var að kanna sem flest kjörlendi í hverjum reit. Sumir reitir ná yfir margvíslegt land eða allt frá sjó til háfjalla. Við fórum um suma reiti svo að segja í hverri ferð en óaðgengilegri reitir eða hlutar þeirra voru kannaðir sjaldnar (2. mynd). Engu að síður teljum við að gott yfirlit hafi fengist um varpfugla í öllum reitum. Einstaka tegundir sem verpa mjög strjált og nánast hvar sem er, eins og t.d. kjói, kunna þó að verpa víðar en athuganir okkar gefa til kynna.

Mat á varpi og túlkun gagna

Athuganir á varpfuglum voru flokkaðar í þrjá meginflokka: (1) öruggt varp: egg eða ungar fundust, (2) líklegt varp: margs konar varpatferli og (3) hugsanlegt varp: fuglar í kjörlendi á varptíma, stakir syngjandi karlfuglar o.fl. (sbr. 2. töflu).

Útbreiðslukort og tegundaumfjöllun

Útbreiðslukortin sem fylgja umsögn um hverja tegund eru byggð á gögnum sem safnað var sumrin 1987-1993 og lítillega sumarið 1994. Stuðst er við nýlegar og eldri heimildir eftir því sem ástæða þykir til. Staða tegunda í hverjum reit (1.-3. varpstig, sbr. 2. töflu) er táknueð með misstórum fylltum hringum. Heimilda um varp á árum áður sem nú er liðið undir lok var aflað með könnun heimilda og viðtölum við heimamenn. Eldri heimildir um varp eru táknueðar með opnum hring á útbreiðslukortí. Kortin eru teiknuð með tölvuforriti (ATLAS) sem Gunnlaugur Pétursson samdi vegna könnunar á útbreiðslu varpfugla á Suðvesturlandi (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994).

Fjallað er um hverja tegund á einni blaðsíðu og varpútbreiðsla hennar sýnd á korti þar sem gerð er grein fyrir því hversu öruggar upplýsingar um varp eru. Eftir því sem rúm gefst til er fjallað um núverandi útbreiðslu, stofnstærð, ef hún er þekkt, og raktar eldri heimildir og fleiri upplýsingar um tegundina ef ástæða þykir til. Nöfn heimildamanna og íslenskra höfunda eru skammstöfuð í umsögnum um tegundir til þess að spara lesmál (2. viðauki).

FYRRI ATHUGANIR

Ritaðar heimildir um fuglalíf á þessum slóðum eru fáskrúðugar. Elstu skráðar athuganir eru í dagbókum danska fuglafræðingsins Richards Hørring sem ferðaðist um landið á árunum 1905-1908. Hann sigldi m.a. með strandferðaskipi fram hjá Grímsey á Steingrímsfirði og inn á verslunarstaðinn í Skeljavík 4. júní 1907 og skráði tegundir og fjölda þeirra fugla sem hann sá.

Breskir stúdentar könnuðu útbreiðslu og lífshætti hafarna og fóru um Steingrímsfjörð og Bjarnarfjörð um mánaðamótin júlí-ágúst 1939. Þeir geta lítillega um aðra fugla í óprentaðri skýrslu (Arnold & MacLaren 1939).

Finnur Guðmundsson (óbirt dagbók) kom í Steingrímsfjörð og Bjarnarfjörð í júní 1956 og fór þá m.a. út í Grímsey og athugaði varphætti fugla.

Finnur Guðmundsson (óbirt dagbók) og Ólafur Karl Nielsen fóru um hluta svæðisins og norður í Trékyllisvík dagana 11.-18 júní 1973, skoðuðu talsvert fugla og fræddust um þá af heimamönnum.

Ólafur Karl Nielsen fór um hluta svæðisins sumrin 1975-78 og 1986 (ásamt Jóni Baldri Hlíðberg) og kannaði einkum útbreiðslu fálka.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson kom í Steingrímsfjörð sumarið 1987 og aflaði upplýsinga um hafarni. Hann fór aftur um Steingrímsfjörð og Bjarnarfjörð, norður í Kolbeinsvík sumarið 1991 (ásamt Páli Leifssyni), taldi æðarfugla og ræddi við bændur um tjón af völdum arna í æðarvörpum (Kristinn H. Skarphéðinsson 1994).

Arnór Þ. Sigfússon (1992) kannaði áhrif grútarmengunar í Strandasýslu sumarið 1991, taldi æðarfugla og ræddi við æðarbændur.

Framangreind gögn eru að mestu leyti varðveitt í söfnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Karl Nielsen veittu okkur góðfúslega upplýsingar úr óbirtum dagbókum sínum.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Tegundir sem sést hafa á svæðinu

Við Steingrímsfjörð og nágrenni hafa sést 82 tegundir fugla og má skipta þeim í eftirtalda hópa:

Varpfuglar: 47 tegundir og eru þeir meginviðfangsefni þessarar skýrslu.

Fýrrum varpfugl: 1 tegund, haförn, hefur haldið sig á svæðinu.

Umferðarfuglar: 2 tegundir, rauðbrystingur og tildra setja svip á fjörur á vorin, einkum við sunnanverðan Steingrímsfjörð, auk þess sem slæðingur af tildrum sést víða í fjörum allt sumarið.

Vetrargestir: 6 tegundir, dílaskarfur, bjartmáfur, langvía, stuttnefja, haftryðill og auðnutittlingur sjást einkum á veturna þótt fyrst nefnda tegundin sé einnig allalgeng á öðrum árstímum.

Sjaldgæfir gestir og flækningar eru 26 talsins. Sumar tegundir eru árvissar, svo sem grafönd, stormmáfur og snæugla. Aðrar eru sjaldséðari eða hafa aðeins sést einu sinni: flórgoði, súla, gráhegri, snjógæs, blesgæs, helsingi, margæs, skutulönd, skúfönd, hvinönd, æðarkóngur, hrafnönd, korpönd, húsönd, vepja, sanderla, skógarsnípa, ísmáfur, fjöruspói, brandugla, svartþröstur, grákráka og stari.

Tegundir sem verpa í Steingrímsfirði og nágrenni

Vitað er um 48 tegundir fugla sem orpið hafa með vissu á athugunarsvæðinu. Á athugunarárunum (1987-1994) urpu 47 þeirra með vissu, þ.e. voru skráðar í 1. eða 2. varpstig í einhverjum reitanna. Ein tegund, haförn, hætti að verpa á svæðinu snemma á öldinni.

Tæplega 100 fuglategundir hafa orpið hér á landi svo vitað sé, en þar af eru um 70 tegundir árvissir varpfuglar (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994). Á Steingrímsfjarðarsvæðinu verpa því 67% af tegundum reglulegra varpfugla á landinu.

Fjöldi varptegunda í einstökum reitum

Fjöldi öruggra og líklegra varptegunda (1.-2. stig) er 8-35 í hverjum reit. Meðaltalið er 23 tegundir (3. mynd, 6. viðauki). Ef 3. stigi er bætt við verða tegundirnar 11-36 og meðaltalið 26 tegundir í hverjum reit. Tegundafjöldinn var mestur í tveim reitum við sunnanverðan Steingrímsfjörð. Þeir reitir liggja að sjó og taka yfir mesta láglendið á athugunarsvæðinu og þar er jafnframt mest votlendi. Fæstar voru tegundirnar í hinum hrjóstrugu hálendisreitum en mikill hluti þeirra liggur í yfir 400 m y.s.


Útbreiðsla

Útbreiðsla einstakra tegunda er mjög mismunandi, nokkrar verpa aðeins í einum reit en aðrar fundust í flestum eða öllum reitum.

Tegundir sem verpa víða

Sex tegundir, heiðlóa, rjúpa, sendlingur, þúfutittlingur, hrafn og snjótitlingur, eru útbreiddar um allt svæðið. Þrjár þær fyrstnefndu fundust þó ekki í Grímsey. Tegundir sem einnig eru mjög útbreiddar og vantaði aðeins í

2-4 reiti, oftast hálendisreiti og/eða Grímsey eru: áflti, grágæs, fálki, hrossagaukur, spól, stelkur, kjói, steindepill og skógarþröstur. Lóupræll á sennilega einnig heima í þessum flokki en erfitt var að staðfesta 1. varpstig hjá honum (öruggt varp). Framangreindar tegundir eru misjafnlega algengar, sumar verpa mjög strjált og aðrar eru að mestu leyti bundnar við láglendið.



3. mynd. Fjöldi öruggra og líklegra varptegunda í einstökum reitum (1x2. varpstig). -
Number of confirmed and probable breeding species in each square (categories 1-2).

Strandtegundir

Nokkrar tegundir eru útbreiddar meðfram allri ströndinni og að mestu bundnar við hana. Æður, tjaldur og sandlóa fundust einungis verpandi við ströndina eða mjög skammt frá sjó. Kría verpur meðfram mestallri ströndinni en einnig lítilliga inn til landsins. Teista varp áður fyrir dreift með mestallri ströndinni en varp hennar hefur dregist saman. Þá verpa grágæsir aðallega við ströndina.

Grímsey á Steingrímsfirði og fuglabjörg

Sílamáfur, silfurháfur, rita og álka verpa hvergi nema í Grímsey. Aðrar tegundir eiga höfuðvarpstöðvar sínar í Grímsey, þótt þær hafi einnig fundist annars staðar: lundi á nokkrum stöðum, hvítmafur í Kaldbakshorni og toppskarfur í Arfaskerí undan Eyjum.

Eini eiginlegi bjargfuglinn á svæðinu er fýll, sem verpur þétt í björgum í Grímsey, Balafjöllum og á nokkrum öðrum stöðum úti við Húnaflóa. Lítil ritubyggð er í björgum í Grímsey.

Votlendi

Áflti er útbreidd í og við votlendi hátt og lágt, en verpur afar strjált. Urtönd er víða á láglendi og einnig toppönd. Straumönd og gulönd eru sjaldgæfir varpfuglar við ár. Himbrimar verpa við nokkur silungsvötn og lómar á

strjálungi við vötn og tjarnir hátt og lágt. Jaðrakan og óðinshani verpa einungis í gróskumiklu votlendi og jaðrakan aðeins á láglandi. Hettumáfar verpa á nokkrum stöðum við seftjarnir en þó aðallega við sjó. Hrossagaukur, spói, stelkur og þúfutittlingur setja allir svip á ýmiss konar votlendi en verpa einnig annars staðar.

Heiðalönd (yfir 400 m y.s.)

Álftir finnast þar sem nægur gróður er (fremur óvíða) og himbrimar við stöku silungsvötn. Að öðru leyti eru einkennisfuglar þessara svæða snjótitlingar og sendlingar. Rjúpur verpa á víð og dreif, jafnvel þar sem gróður er mjög lítill, og kjóar verpa strjált. Hávellur sjást víða en verpa á fáum stöðum.

Nýlegir landnemar

Margar fuglategundir hafa numið hér land á þessari öld og hefur það meðal annars verið skýrt með hlýnandi loftslagi (Finnur Guðmundsson 1951, 1964). Einnig hafa nokkrar innlendar tegundir aukið útbreiðslu sína og útbreiðsla annarra hefur dregist saman.

Á Steingrímsfjarðarsvæðinu hafa 12 nýjar tegundir bæst í hóp varpfugla á tæpum 40 árum eða frá 1957. Engin tegund hefur horfið sem varpfugl á fyrrgreindu tímabili en haförn hætti að verpa á svæðinu snemma á öldinni.

Fýll hefur breiðst gífurlega út við Norður-Atlantshaf á síðastliðnum 250 árum, þar á meðal á Íslandi (Fisher 1952, Ævar Petersen 1982), og virðist ekkert lát á útbreiðsluaukningunni. Fýlar byrjuðu að verpa í Grímsey á Steingrímsfirði um 1966 (Finnur Guðmundsson, dagbók 1973) og hafa síðan breiðst út um svæðið, einkum úti við Húnaflóa.

Toppskarfa fundum við verpandi í Grímsey 1993 og eitt hreiður var í Arfaskeri við Eyjar 1994. Þessi tegund hefur ekki áður fundist í varpi við Húnaflóa. Aðalheimkynni toppskarfa eru við Vesturland, einkum í Breiðafjarðareyjum (Arnþór Garðarsson 1979).

Grágæsum hefur fjölgað hér á landi og þær hafa breiðst út á síðustu áratugum (Arnþór Garðarsson 1982a). Þær urpu fyrst við Steingrímsfjörð árið 1955 (JHJ) og eru nú útbreiddar um athugunarsvæðið.

Heiðagæsum hefur fjölgað og þær breiðst út hér á landi líkt og grágæsir. Á athugunarsvæðinu hafa heiðagæsir löngum verið umferðarfuglar á heiðum á haustin. Síðastliðinn áratug hefur talsvert borið á þeim á tünnum á vorin og dæmi eru þess að þær hafi orpið.

Duggendur voru afar sjaldgæfar á athugunarsvæðinu til skamms tíma, og eru reyndar enn, en virðist hafa fjölgað eitthvað og hreiður fundust 1992 og 1994. Jaðrakan var upphaflega sunnlensk tegund en hefur verið að breiðast út hér á landi að minnsta kosti síðan um 1930 (Árni Waag Hjálmarsson 1982). Hann var óþekktur sem varpfugl á athugunarsvæðinu til ársins 1988 er þar settist þar að og nú (1994) verpa þar um 15 þör.

Silumáfur, silfurmáfur og hettumáfur hófu varp hér á landi á þessari öld (Agnar Ingólfsson 1982). Þeir hafa allir numið land á athugunarsvæðinu á síðustu árum. Hvítmáfur er gamalgróin íslensk tegund og hóf varp á athugunarsvæðinu fyrir fáum árum.

Rita hóf að verpa á athugunarsvæðinu á fyrrgreindu tímabili og verpur nú lítillga í Grímsey. Álka er nýr varpfugl og er enn sem komið er faliðuð í Grímsey á Steingrímsfirði. Athygli vekur að 8 af 12 nýjum landnemum í Steingrímsfirði og nágrenni eru sjófuglar.


Hve margir fuglar verpa í Steingrímsfirði og nágrenni?

Við reyndum að meta fjölda varppara hverrar tegundar á athugunarsvæðinu. Langflestir fuglanna verpa við ströndina og munar þar mest um hina stóru varpstofna fýls, æðarfugls, kríu og lunda. Á vel grónu undirlendi (undir 200 m y.s.) er víða mikið um mófugla, svo sem þúfutittling, heiðlóu, spóa, stelk og skógarbröst. Ofan 200 m y.s. dregur mjög úr fjölda tegunda sem og fjölda einstaklinga. Allar hálendistegundirnar finnast einnig á láglendi.

Fjöldi strjálra og staðbundinna varpfugla, svo sem lóms, himbrima, álfar, fálka smyrils og hrafn, var fundinn með því að leita uppi varpstaði og telja þör. Fálkaðar tegundir voru einnig taldar beint, t.d. toppskarfur, duggönd, jaðrakan, rita, álka, músarrindill. Þá voru varppör tjalds talin sérstaklega (Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir, í undirbúningi) og teistur taldar að mestu og áætlaðar að hluta. Fjöldi andfugla (annarra en æðarfugls) var gróflega áætlaður. Fjöldi æðarfugla var metinn út frá ýmsum heimildum um dúntekju og að hluta til skv. talningum utan friðlýstra varpa. Varppör hettumáfa voru sums staðar talin en fjöldi þeirra áætlaður annars staðar. Fjöldi annarra máfa og knú er ágiskun svo og fjöldi fýla (að mestu) og lunda. Við reyndum að meta fjölda mófugla út frá víðáttu kjörlendis þeirra og meðalþéttleika þeirra í einstökum talningum.

Við áætluðum að alls verpi um 40.000-60.000 þör sjófugla á athugunarsvæðinu (æður meðtalin; 5. mynd, 3. viðauki), um 500-1.000 þör andfugla, 5.000-9.000 þör vaðfugla, 8.000-16.000 þör spörfugla og 500-1.000 þör annarra tegunda. Alls eru þetta um 55.000-90.000 þör.

Fjöldi tegunda - Number of species



4. mynd. Fjöldi varppara hjá þeim 48 tegundum sem erpið hefur í Steingrímsfirði og nágrenni. Byggt á 3. viðauka. - Numerical distribution of breeding pairs for the 48 species known to have bred in Steingrímsfjörður and vicinity. Based on App. 3.

ATHYGLISVERÐ FUGLASVÆÐI

Tveir staðir á athugunarsvæðinu eru á náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs, Húsavíkarkleif og Tröllatunga í Steingrímsfirði, hvortveggja fundarstaðir steingervinga. Þá er fjallgarðurinn milli Kaldbaksvíkur og Veðileysu á náttúruminjaskrá en hann er við norðurmörk athugunarsvæðisins. Verndargildi framangreindra svæða er talið fólgið í jarðmyndunum og sérkennilegu landslagi. Við viljum vekja athygli á nokkrum auðugum fuglasvæðum sem að okkar dómi ættu að njóta einhvers konar verndar.

Svæðið við *Tungugröf* er mjög auðugt af andfuglum og vaðfuglum. Þar er viðkomustaður umferðarfugla, svo sem rauðbrystings og tildru. Duggendur sjást þar iðulega og grafönd hefur sést á vorin.

Kálfanesflói - Lómatjörn - Stakkamýri eru samhangandi votlendissvæði í grennd við Hólmavík. Kálfanesflói hefur verið skertur mjög vegna vegagerðar og lagningar flugvallar og er brýnt að halda í það sem eftir er. Lómatjörn er sérstæð seftjörn með ríkulegu fuglalífi og þar er m.a. elsti varpstaður hettumáfa á svæðinu. Meðal annarra varpfugla má nefna óðinshana og urtönd. Stakkamýri er nyrsti hluti þessa votlendis og þar námu jaðrakanar fyrst land á athugunarsvæðinu. Ýmsar endur hafa sést þar, m.a. grafönd.

Stakkanesleiran er mikilvægur fæðuöflunarstaður vaðfugla og viðkomustaður fargesta. M.a. hafa sanderlur sést þar og margæsir á síðari árum.

Bjarnarfjarðarbotn, grunnsævið, leirurnar og votlendið inn af eru auðugt vaðfuglasvæði. Þar fella auk þess hundruð álfta og grágæsa flugfjaðrir.

Grimsey er einstæð, m.a. fyrir mikla lundabyggð og þar hafa sjö tegundir sjófugla numið land á síðustu áratugum.

Allir eiga þessir staðir það sameiginlegt að vera í grennd við þéttbýli eða í alfaraleið, og eykur það gildi þeirra fyrir almenning.

NIÐURLAG

Ítarlegt yfirlit liggur nú fyrir um varpfugla í Steingrímsfirði og nágrenni en litlar sem engar heimildir voru til um fuglalíf á þessum slóðum. Eins og annað í náttúrunni tekur fuglalífið breytingum. Á undanförunum 30-40 árum hafa t.d. tólf nýjar tegundir hafið varp á svæðinu. Meðan á athugunum okkar stóð (1987-94) námu tvær tegundir land og tókst a.m.k. annarri þeirra (jaðrakan) að festa sig í sessi. Með tilkomu þessa rits verður auðveldara að átta sig á frekari breytingum í framtíðinni.

Fuglar eru tiltölulega áberandi í umhverfinu og breytingar á fuglalífi geta m.a. verið vísbending um breytingar annars staðar í lífríkinu. Þannig getur t.d. afkoma sjófugla endurspeglað ástandið í hafinu en slíkt ætti að vera okkur Íslendingum sérstaklega áhugavert.

Auk þess sem þetta rit hefur almennt upplýsingagildi er hugsanlegt að það geti nýst skólum sem kennslugagn í umhverfisfræði og einnig má hafa hliðsjón af því sem hér kemur fram við skipulagningu verklegra framkvæmda á svæðinu.

Tegundatal - *Species accounts*

Tákn á útbreiðslukortum - *Map symbols:*

- Öruggt varp - *Confirmed breeding*
- Líklegt varp - *Probable breeding*
- Hugsanlegt varp - *Possible breeding*
- Varp fyrir 1987 - *Breeding records before 1987*
- ⊙ Varp fyrir 1987 og hugsanlega 1987-94 -
Bred before 1987 and possibly in 1987-94

Íslenskir höfundar í tilvitnunum og heimildarmenn sem getið er í tegundaumsögnum eru skammstafaðir, sbr. 2. viðauka.

Initials of Icelandic authors and informants are used when referred to in the species accounts (cf. App. 2 for explanations).

Lómur *Gavia stellata*



Lómar eru strjálir varpfuglar og fundust í helmingi reita. Alls eru þekktir 14 varpstaðir og var orpið á 11 þeirra 1987-94. Eldri varpstaðir eru við Teigsgilsvatn (árvið þar til vatnið var ræst fram eftir 1960; JHJ), Þiðriksvallavatn (t.d. 1957; JHJ) og í Goðdal 1973 (FG). Lómar verpa frá sjávarmáli að 468 m hæð en flestir varpstaðir (9) voru undir 200 m. Hreiður fundust m.a. við stór silungsvötn, litlar mýrartjarnir og 3 voru við síki út frá ám.

Eitt hreiður við tjörn á Þorskafjarðarheiði var í gróðurvana landi í 468 m hæð. Eini gróðurinn var hreiðurtorfan og hefur hún væntanlega myndast af völdum fuglanna. Frá tjörninni eru 13 km til Þorskafjarðar og 18 km til Steingrímsfjarðar. Frá hreiðri við Ögmundarvatn (440 m) eru 15 km til Steingrímsfjarðar.

Stakir fuglar og þör sáust nokkrum sinnum á vötnum á Steingrímsfjarðarheiði, Bjarnarfjarðarhálsi, tjörnum í mynni Selárdals og á Lómatjörn í Kálfnæsflóa, án þess að varp sannaðist.


Á láglendi hefst varp um 20. maí en mun seinna á hálendinu, oft ekki fyrr en um miðjan júní. Hreiður fundust í Bjarnarnesi og við Bjarnarfjarðará 21.-22. maí 1994. Á Ögmundarvatni á Steingrímsfjarðarheiði (440 m) var þar með lífinn dúnunga 15. júlí 1988 og á Hrófbergstjalli (160 m) var þar með stálpaðan dúnunga 25. júlí 1987. Þessi þör hafa orpið um 12. júní.

Lómar eru styggir og laumulegir fuglar á varpstöðvum og hverfa burt er þeir verða manna varir, svo hreiður geta verið vandfundin. Gróflega áætlað verpa 10-20 lómspör á svæðinu.

Talsvert ber á lómum á sjó á vorin og sumrin. Við Grjótarós voru t.d. 19 fuglar 1. maí 1989, allir paraðir nema einn. Á árunum 1953-57 fóru lómar að sjást við Steingrímsfjörð í fyrstu viku apríl en einkum eftir miðjan mánuðinn (JHJ). Lómar virðast hverfa af svæðinu í september. Hinn 5. september sáust fullorðinn og ungur fugl á sjó og 12. september sáust 2 á Steingrímsfjarðarheiði. Annars vantar athuganir frá þessum tíma. Stakir lómar hafa sést tvisvar í vetrartalningum: 28. desember 1990 við ós Miðdalsár og 27. desember 1994 við Hrófberg.

Summary: The Red-throated Diver is rare, 10-20 pairs breed annually in one-half of the squares. Most of the breeding localities (9 out of 13) are below 200 m a.s.l., but two are 440-468 m a.s.l.

Himbrimi *Gavia immer*



Himbrimi er strjáll varpfugl, 9 varpstaðir eru þekktir í 5 reitum og er varpstofninn talinn 5-10 pör.

Á Miðheiðarvatni á Tröllatunguheiði (400 m) var par með nýklakinn unga 25. júlí 1990 en þar var ekki varp 1992 og 1994. Himbrimar virðast verpa árlega við Þiðriksvallavatn (73 m) sem hefur verið miðlunarlón frá 1951. Varp misfórst 1987-94 vegna vatnsborðssveiflna, nema hvað ungi klaktist 1988. Við Hrófbergsvatn í Vatnadal (161 m) urpu himbrimar 1987-92.

Við Margrétarvatn á Steingrímsfjarðarheiði (407 m) urpu himbrimar 1987-89. Varpið misfórst 1989 vegna lækkunar vatnsborðs er ísa leysti. Sumarið 1990 sást par sem varp ekki, sumrin 1991-93 engir fuglar og 1994 par en ekki vitað um varp. Annars staðar á vesturheiðunum verpa himbrimar ekki þrátt fyrir fjölda vatna og gnægð silungs. Sums staðar vantar varpstaði og ísa leysir einnig mjög seint á þessum slóðum.

Við Reiðgötuvatn á Bassastaðahálsi (134 m) var par með nýklakta unga 14. júlí 1989 og par virtist með hreiður 23. júní 1992. Urriðavötn á Bjarnarfjarðarhálsi (172 m) er gamalkunnur varpstaður og þar var talið vera hreiður í stærsta hólmanum 15. júní 1973 (FG). Hinn 29. júní 1992 sást par á sama stað sem einnig virtist með hreiður. Þá hafa himbrimar oft orpið við Bæjarvötn á Bjarnarfjarðarhálsi (um 100 m; BjG).



Við Himbrimavötn á Bjarnarfjarðarhálsi (161 m) verpa himbrimar af og til (GS, RJ); t.d. var par með hreiður 15. júní 1973 (FG). Par með unga sást á ónefndu vatni eða tjörn á Hólsfjalli fyrir nokkrum árum (GS).

Varp á láglandi (neðan 200 m) hófst 12.-18. júní en á hálendi (ofan 400 m) 1.-6. júlí (byggt á 6 tilfellum).

Himbrimar sjást oft á sjó á sumrin, einkum við innanverðan Steingrímsfjörð, og hafa sést allt að 8 samtímis. Þeir safnast einnig á Þiðriksvallavatn síðsumars og á haustin, flestir 20 hinn 1. september 1989. Himbrimar eru sjaldséðir vetrargestir við Steingrímsfjörð og sáust aðeins tvisvar sinnum í vetrartalningum 1987-94. Fimm fuglar voru skotnir við Hólmavík í lok janúar 1968 en þá var Steingrímsfjörður að fyllast af ís (FG).

Summary: The Great Northern Diver has bred at nine localities in 5 squares. Five to ten territorial pairs may occur annually. Lake Þiðriksvallavatn is a staging area in late summer and autumn, with up to 20 birds recorded at the same time.

Fýll *Fulmarus glacialis*



Fýll er nýlegur landnemi á athugunarsvæðinu en er nú orðinn algengur varpfugl úti við Húnaflóa. Elsta varpið er í Grímsey en þar verpa mörg hundruð pör (allt að eitt þúsund áætluð 1993). Svo virðist sem fýlar hafi byrjað að verpa í Grímsey á árunum kringum 1966 (BjG, IA o.fl.). Fýls er t.d. ekki getið úr ferð í eyna 17. júní 1956 (FG).

Í Kaldbakshorni virðast fýlar hafa byrjað að verpa eftir 1973, a.m.k. er þeirra ekki getið þaðan um sumarið (FG). Nú er þar mikið varp og nær það nokkuð inn eftir Kaldbaksdal að sunnan, alllangt inn fyrir Kaldbaksvatn. Suður frá Kaldbakshorni verpur slæðingur af fýl, inn eftir Bólum og um 1 km inn fyrir Eyjar eða inn undir Fossá. Á þeim slóðum er varpið þéttast upp af Eyjum. Við giskum á að a.m.k. 1000 pör verpi á framangreindu svæði. Varpið kann þó að vera mun stærra, jafnvel 5000-10000 pör skv. lauslegum athugunum 11.-12. júní 1986 (ÓKN). Smávörp voru 1994 í Asparvíkurdal (3-5 pör) og rétt fyrir innan eyðibæinn Asparvík (12 pör).



Fyrir u.þ.b. 5 árum tóku fýlar að verpa við sunnanverðan Bjarnarfjörð og þar verpa nú (1994) 10-30 pör, á svæðinu frá Valshöfða inn fyrir Bæjarskarð. Í Malarhorni við Drangsnæs byrjuðu fýlar að verpa um eða upp úr 1988 (BjG, IA). Hinn 17. júní 1993 töldum við þar 81 par og/eða fugla sem virtust sitja á hreiðrum.

Í Hvalsárhöfða sáuðum við fýla fyrst vorið 1988 (á 6-7 líklegum varpstöðum) en engir sáuðst síðar um sumarið. Vorið 1989 sátu þar fýlar að staðaldri á 5-10 syllum og krafsaðar hreiðurskálar og 1 ungi fundust 1. september. Fýlum fjölgaði á næstu árum. Vorið 1992 voru 6-10 hreiður og a.m.k. 3 ungar um haustið. Árið 1993 voru a.m.k. 9 hreiður í Hvalsárhöfða og 5 innan við Grind. Í Geitafelli við Heydalsá sáuðst fýlar fyrst 17. júní 1994, sátu þá á 5-6 stöðum.

Fýlar hafa ekki verið taldir nákvæmlega á svæðinu en a.m.k. 2000-4000 pör verpa á athugunarsvæðinu.

Summary: The Northern Fulmar colonized the area in the 1960s and is currently breeding in two major concentrations, Grímsey and Eyjar-Kaldbaksvík. A few and up to dozen pairs breed at several other localities. The total population is at least 2,000-4,000 pairs.

Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis*



Toppskarfur er nýr landnemi á athugunarsvæðinu og hefur fundist í varpi á tveimur stöðum.

Í Uxa við Grímsey á Steingrímsfirði fundust 3 hreiður 19. júlí 1993 (ÆP, SB, JHJ og BG). Nokkuð bar á toppskörfum þar í grennd, bæði fullorðnum og ungfuglum. Hreiðrin voru sunnanmegin í Uxa en norðanmegin er gamall setstaður skarfa með miklum dritfleck. Þar sat einn fullorðinn toppskarfur sem ekki var með hreiður. Sumarið eftir (1994) voru 6 hreiður í Uxanum, 5 að sunnan og 1 að norðan (JÓH). Sama sumar fannst eitt toppskarfshreiður í Arfaskeri við Eyjar (EPG, GS).


Ljóst er að toppskarfsvarp á svæðinu er nýlegt enda smátt í sniðum. Sumarið 1992 heyrðum við fyrst orðróm um að skarfar væru farnir að verpa í Grímsey. Sögusagnir voru óljósar enda oft álitlið að setstaður skarfa sé einnig varpstaður.

Engar aðrar heimildir eru um varp toppskarfa við Húnaflóa enda hefur tegundin verið bundin við Vesturland, einkum Breiðafjörð (AG 1979). Talið er að toppskarfar hafi orpið í Héðinsfirði um 1780 (Mohr 1786) og er það eina eldri heimildin um varp þeirra við Norðurland.

Toppskarfar eru fremur algengir á veturna, a.m.k. við Steingrímsfjörð, þótt miklu minna sé um þá en dílaskarfa. Flesta höfum við séð við Hólmavíkurhöfn í desember, 6 talsins.

Summary: The European Shag colonized the area in ca. 1990 and currently breeds at two localities, Grímsey (6 nests in 1994) and by Eyjar (one nest in 1994). These are the only breeding records from northern Iceland, apart from one 18th century record. Other breeding localities of this species are in the western part of the country.

Álft *Cygnus cygnus*



Álft er strjáll varpfugl um mestallt svæðið, bæði hátt og lágt. Alls fundust 34 varpstaðir (óðul), flestir á vatnasvæði Steingrímsfjarðar og á Steingrímsfjarðarheiði. Ellefu varpstaðir eru ofan 400 m og 23 neðan 200 m. Á fyrstu athugunarárnum (1988-90) voru 63-71% þekktara varpstaða í ábúð en 42-47% seinni árin (1991-94). Fjöldi varppara var því áætlaður um 23 en fækkaði síðan í um 15 pör í kjölfar snjóþunga vorsins 1989 (sjá síðar).

Í Bjarnarfirði sáust oft 1-2 pör á Bjarnarfjarðará og í nálægu votlendi en þar fundust hvorki hreiður né ungar. Þar varp í Goðdal 1986 (ÓKN), Asparvíkurdal 1990 og Kaldbaksdal öll athugunarárin.

Varpið er þéttast á Steingrímsfjarðarheiði, 9 varpstaðir á 40 km² í lægðinni (400-440 m) sem þjóðvegurinn hefur legið um síðan 1988. Varpið í heiðinni virðist þó óstöðugt og fer það eftir árferði. Árið 1988 voru 5 pör á óðulum og urpu 4 þeirra með vissu. Snjóþunga vorið 1989 reyndi aðeins eitt par varp á heiðinni en það misfórst. Síðan virðist áltavarp ekki hafa náð sér á Steingrímsfjarðarheiði og 1994 varp aðeins 1 par. Við fundum hvergi áltavarp í meiri hæð en á Steingrímsfjarðarheiði. Þó var einn varpstaður í svipaðri hæð á Tröllatunguheiði.



Athugun var gerð á upphafi varps hjá 7 pörum á láglandi (0-200 m) annars vegar og 7 pörum á Steingrímsfjarðarheiði (407-440 m) hins vegar. Á láglandi hófst varp á tímabilinu 8.-24. maí en á hálendinu 25. maí - 3. júní.

Á vorin koma fyrstu áltirnar stundum um mánaðamót mars-apríl en aðalkomutíminn er síðari hluti apríl (JHJ). Fyrir varptíma heldur allstór hópur álfra sig á túnum og öðru graslandi við botn Steingrímsfjarðar, einkum í mynni Staðardals og Selárdals. Flestar voru þær 70 þann 2. maí 1992. Geldfuglar (25-35) halda síðan til á þessum slóðum fram í byrjun júlí.

Helsti fellistaður geldálfta er í Bjarnarfirði. Þar fella um 100 fuglar flugfjaðrir í júlí-ágúst. Þá voru að jafnaði um 20 áltir í fjaðrafelli á svæðinu milli Grjótár og Ósár (undir Fellabökum). Á hverju vori drápust 1-3 áltir er þær flugu á rafmagnslínur á ósasvæðum Staðarár og Selár.

Summary: The Whooper Swan breeds sparsely throughout the area, including the highlands. Number of territorial pairs has declined somewhat between 1987 and 1994, from estimated 23 pairs to ca. 15 pairs. Breeding performance is highly variable, depending on the season.

Heiðagæs *Anser brachyrhynchus*



Heiðagæsir eru umferðarfuglar, sjást á láglendi á vorin og hálandi á haustin. Fáein pör hafa orpið á athugunarsvæðinu á síðustu árum en varpið virðist vera tilviljunarkennt og óstöðugt.



Um 1975 urpu 2 pör á Steingrímsfjarðarheiði, skammt norðan sæluhúss, og fleiri fuglar sáust (SIL). Sama sumar er rökstuddur grunur um varp á Bjarnarfjarðarhálsi (SIL). Sumarið 1986 sáust heiðagæsir ekki á þessum slóðum (SIL). Sumarið 1988 könnuðum við Þorskafjarðar- og Steingrímsfjarðarheiðar norður að Hvannadalsá en fundum engin merki um varp. Vorið 1992 fundust 2 hreiður innan við Vonarholt í Amkötuldal (ML, SIL), og pör með unga sáust við vatnaskil á Bæjardalsheiði, rétt vestan athugunarsvæðisins sumarið 1994 (ML). Hinn 11. júní 1994 var ein heiðagæs með varpatferli við Þjóðbrókargil í Selárdal (HPP). Um miðjan júlí 1991 sáust um 10 fullorðnar og fleygar gæsir á lóni Miðdalsár, vestan Margrétarvatns (PL).

Heiðagæsa fór að verða vart á túnnum á vorin um 1986 og hafa orðið æ algengari síðan (GS o.fl.) Á athugunarárunum voru þær algengar frá síðari hluta apríl og fram yfir miðjan maí. Oftast er um smáhópa að ræða (5-10 fugla) eða stök pör, oft með grágæsum og álfum. Stöku fuglar sáust eftir þann tíma. Þar var innarlega í Staðardal 29. maí 1988 og þar á sömu slóðum 24. maí 1990 og enn vorn þar 5 fuglar 18. maí 1991. Í Selárdal vorn 5 við Bólstað 19. maí 1991, 3 neðst við Selá 30. maí 1993 og sama dag 4 (tvö pör) á eyrum gegnt Geirmundarstöðum. Við mót Goðdalsár og Sunndalsár var þar 21. maí 1994 og þar sama dag við Stakkanes í Steingrímsfirði.

Heiðagæsir eru algengar á Steingrímsfjarðarheiði fyrri hluta september. Oftast er um að ræða hópa 10-40 fugla. Hópur 200-300 fugla sást við Lómavatn á Þorskafjarðarheiði 16. september 1988 og sama dag sást hópur 50 fugla innst í Staðardal.

Summary: The Pink-footed Goose is primarily a passage migrant in the area, using the lowlands, including cultivated fields, in spring and the highland plateau in autumn. Odd pairs have been found breeding irregularly at several localities since 1975.

Grágæs *Anser anser*



Grágæsir eru algengar og útbreiddar meðfram mestallri ströndinni, nema nyrst á Bólum og í Kaldbaksvík. Þær verpa oft í hólum, klettatöngum og urðum, stundum á stöpum og jafnvel í hrafnslaupum. Grágæsir verpa allvíða inn til landsins. Í Þiðriksvalladal voru 15 pör með unga 1992 og hreiður fundust í Norðdal (þrjú 1986; ÖKN), utanverðum Staðardal (GS, GB) og Selárdal. Pör með nýklakta unga hafa sést við Hestakleifagil í Goðdal (GS) og á Bjarnarfjarðarhálsi. Þá er varp víða meðfram Bjarnarfjarðará.


Grágæsa varð fyrst vart við Steingrímsfjörð vorið 1953 er par sást á Skeljavíkurgrundum 24. maí. Árið eftir sáuð fleiri pör. Hinn 18. maí fannst stropað grágæsaregg utan hreiðurs í Kálfnanesflóa (líklega hrafnsfela). Árin 1955-57 sáuð stök pör nokkrum sinnum á vorin og smáhópar á haustin, t.d. 10 fuglar í Þiðriksvalladal 18. september 1957 (JHJ). Árið 1973 var Flinní Guðmundssyni tjáð að grágæsir hefðu byrjað að verpa við Steingrímsfjörð 1953-57 (MG) og að þær hefðu orpið í hólum í Bjarnarfjarðará frá 1960 (II). Þær hófu varp við Tungugróf 1965 og komst varpið fljótlega í um 20 hreiður (SIL). Árið 1984 voru grágæsir algengar við Steingrímsfjörð og Bjarnarfjörð (JHJ, SHJ).

Varp hefst í maíbyrjun. Um 8. maí 1993 voru fullorpin hreiður í Sandheshólma (SæB), Sandskeri og Skeljavíkurhólma. Við Bjarnarfjarðará byrjaði varp um 19. maí og 25. maí í Grímsey.

Geldfuglar fella fjaðrir einkum við Helluhólma á Selströnd (allt að 500 fuglar; 10. júlí 1990) og frá Bjarnarfirði og út með Bólum. Á Bjarnarfirði voru a.m.k. 100 geldfuglar þann 12. júlí 1988 ásamt nokkrum pörum með unga. Hinn 31. júlí 1991 voru um 150 geldfuglar innarlega í firðinum, tugir para með unga, hundruð í fjaðrafelli utarlega og 140 geldfuglar við Asparvík (KHS, PL). Þann 19. júlí 1994 voru 152 geldfuglar milli Brúarár og Asparvíkur og 15 ungapör.

Summary: The Greylag Goose colonized the area in the mid-1950s and has spread and increased considerably since. A few hundred pairs breed along the coast and in some of the valleys. In addition, 500-1,000 non-breeders moult in the area.

Rauðhöfðaend *Anas penelope*



Rauðhöfðaendur eru sjaldséðar á athugunarsvæðinu og afar strjálir varpfuglar. Varp þeirra var reyndar aðeins staðfest á einum stað á athugunartímanum. Hinn 22. júní 1990 sást kolla með stálpaða dúnunga á síki við Selá, gegnt Kringlugili, og önnur nokkru ofar með Selá með nýklakta unga.

Líklegt er að rauðhöfðaendur verpi a.m.k. sum ár í Þiðriksvalladal og þá í votlendi inni af vatninu. Þar sást kolla með stálpaða unga síðsumars 1957 (JHJ). Rauðhöfðaendur sáust þar stöku sinnum á athugunarárunum, flestar 11 þann 12. júlí 1989 (virtust mest steggir) og 5 fuglar 3. september sama ár.



Rauðhöfðaendur sáust oftast í Selárdal, mest stök pör eða stakir steggir. Meira hefur borið á þeim þar á allra síðustu árum (HÞÞ). Stök pör sáust einnig nokkrum sinnum við sjó í maí og eitt sinn sáust 13 fuglar á flugi við Tungugröf (5. maí 1992).

Í Bjarnarfirði virðist vera kjörlandi fyrir rauðhöfðaendur en þar sást aðeins stakur steggur á athugunarárunum. Þá sást einn steggur á Kaldbaksvík 12. júní 1986 (ÓKN).

Varpútbreiðsla rauðhöfðaanda hér á landi er bundin við grunn og næringarík vötn og er hún algeng á láglandi norðanlands, einkum í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig er nokkuð um hana við Faxaflóa og á Suðurlandsundirlendi en annars staðar er hún mjög strjál (AG 1982a).

Summary: The Eurasian Wigeon is rare, but regular in Steingrímsfjörður. Only three breeding attempts are known: one in 1957 and two in 1990. Up to 20 birds have been recorded in the area annually.

Urtönd *Anas crecca*



Urtönd er allalgengur varpfugl á athugunarsvæðinu en hefur takmarkaða útbreiðslu í votlendi á láglendi. Hún fannst í 6 reitum (43%) og verpur hugsanlega í þremur öðrum. Urtendur með unga sáust í Miðdal, Þiðriksvalladal, við Lómatjörn, í Vatnadal, Staðardal, Selárdal og Bjarnarfirði.

Urtöndin er sérhæfðari hvað varðar búsvæði en t.d. stökköndin og virðist einkum bundin við gróskumikið votlendi. Gamli, grónir og hálffullir skurðir og kílar virðast henta henni vel. Einna mest virtist um urtendur í skorningum og á lindalækjum í utanverðum Staðardal og í votlendi meðfram Bjarnarfjarðará. Kolla með unga hefur sést hæst yfir sjó á Vatnadal (160 m). Urtendur sáust oft við Miðaftansvötn á Kálfanesfjalli (260 m) en virtust ekki verpa þar. Þær sáust hins vegar aldrei á Steingrímsfjarðarheiði.

Í júlí sáust oft nokkrir steggir saman, flestir 12 á tjörn í Staðardal og 6 á Lómatjörn.



Urtendur virðast að mestu bundnar við ferskt vatn en sjást þó iðulega á vorin í skjólsælum sjávarvogum þar sem þær leita ætis í þangmori í lækjarósum.

Urtöndin er lítt áberandi fugl um varptímam og verður hennar helst vart ef gengið er fram á kollur með unga sem barma sér þá ákaflega. Urtöndum virtist hafa fjölgað á athugunarsvæðinu á síðustu 20-30 árum (JHJ, GS, o.fl.) og fyrir 1958 voru þær fremur sjaldséðar við Steingrímsfjörð (JHJ).

Erfitt er að meta stofnstærð urtandar á athugunarsvæðinu vegna felugirni hennar en líklega verpa þar nokkrir tugir para.

Summary: The Common Teal is found in the lowland wetlands (mostly below 160 m a.s.l.) and breeding has been confirmed in six of the 14 squares. A few dozen pairs may breed annually. Numbers have apparently increased since the mid-1950s.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*



Stökkönd er útbreiddasta öndin á athugunarsvæðinu og algengust að æðarfugli undanskildum. Hún verpur um nær allt láglandið í ýmiss konar votlendi eða í grennd við það, frá ströndum til dala. Hún fannst þó ekki innst í Lágadal og innanverðum Arnkötludal. Stökkönd verpur í eyjum og hólum og hefur sést með unga í Grímsey (ÞB). Efsti varpstaðurinn er við Teigsgilsvatn á Kálfanesfjalli (um 200 m). Stökkendur verpa sennilega einnig í Vatnadal (160 m) og á Bjarnarfjarðarhálsi (130 m). Þær sáu nokkrum sinnum á Steingrímsfjarðarheiði (um 400 m) í september.

Skv. 26 hreiður- og ungafundum hófu 4 kollur varp 11. og 12. maí. Þriðjungur (9/26) kollna hafði byrjað varp fyrir lok maí. Tæpur fjórðungur (7/26) hóf síðan varp í fyrstu viku júní en hin hreiðrin fundust allt til 29. júlí.

Stökkendur eru mest áberandi í tilhugalífinu á vorin en eftir að varp hefst ber mikið á smáhópum steggja (2-6) á víð og dreif, bæði á sjó og fersku vatni. Á fellitímanum (júlí-ágúst) ber minnst á þeim en stærri steggjahópar (15-30 fuglar) halda sig í mýrum og flóum, svo sem í Stakkamýri, og einnig hafa tugir sést í óshólum Staðarár og við Selá.



Stökkendur eru algengar á sjó á veturna og safnast þá oft í æti í skjólsælum vikum og vogum. Um 150 fuglar sáu t.d. í Fagurgalavík á Selströnd 27. des. 1991 og 112 í Skeljavík sama dag. Steggir eru þá oft í miklum meirihluta, allt að tvöfalt fleiri en kollur.

Stökköndum virðist hafa fjölgað á svæðinu á undanförunum 30-40 árum eða frá 1957 (JHJ).

Stofn stökkanda á athugunarsvæðinu er stór, sennilega nokkur hundruð þör.

Summary: The Mallard is abundant (probably a few hundred pairs) and widely distributed throughout the lowlands up to 200 m a.s.l. It appears more common now than in the mid-1950s. Several hundred remain in Steingrímsfjörður in winter.

Duggönd *Aythya marila*



Duggönd er sjaldséð og vírðist vera nýr varpfugl á þessum slóðum. Aðeins er vitað um tvö varptilfelli, bæði frá síðustu árum.

Fyrstu heimildir um duggendur í Steingrímsfirði eru 3 kollur sem sáust í grennd við Hólmavík um mánaðamótin júlí-ágúst 1939 (Arnold & MacLaren 1939). Dagana 12.-13. maí 1955 sáust þrjár endur sem gætu hafa verið duggendur í Lækjarósi við Hólmavík (JHJ). Einn karlfugl sást á sjávarlóni við Tungugröf 17. júní 1973 (FG) og par á Þrítyörnum ofan Kleifa 11. júní 1986 (ÓKN).

Á athugunarárunum sáum við stök duggandarpör nokkrum sinnum við Tungugröf og einu sinni tvö pör saman. Oftast sáust þær á þessu svæði á vorin en hurfu svo. Sextán fuglar sáust þar saman vorið 1993 (ML). Að sögn bænda í Húsavík sáust duggendur fyrst við Tungugröf vorið 1989 (ML).

Hreiður með átta eggjum fannst við Teigsgilsvatn á Kálfanesfjalli (200 m) 4. júlí 1992. Tvö pör voru á vatninu og tveir karlfuglar á Miðaftansvötnum sem eru þarna skammt frá. Tveir duggandarþlikar höfðu sést á þessum sömu vötnum 14. júní 1984 en ekkert hreiður fannst þá (JHJ, SHJ).

Kolla með sex nýklakta unga sást á tjörn í Bjarnarnesmýrum á Selströnd 18. júlí 1994 en par hafði haldið sig þar síðan um vorið. Árið áður hafði kvenfugl haldið sig á þessu tjarnasvæði en hvorki hreiður né ungar fundust þá.

Hópur um 10 fugla sást á Seljavatni á Bjarnarfjarðarhálsi 18. júlí 1994 og virtust það vera steggir í búningaskiptum (GS).

Á Steingrímsfjarðarheiði sáust duggendur aðeins tvisvar sinnum, stök pör sem höfðu skamma viðdvöl.

Duggöndin er talin vera ein útbreiddasta kaföndin hér á landi og kjörlandi hennar eru grunn og næringarrík vötn. Eins og fleiri kafendur sækist hún mjög eftir því að verpa í hettumáfs- og kríuvörpum (AG 1982a).

Summary: The Greater Scaup is rare and may have colonized the area in past few years, although records date back to the 1930s. It is known to have bred at two localities; less than 20 birds occur annually.

Æður *Somateria mollissima*



Æður er einkennisfugl strandlengjunnar, verpur þar víða en hvergi inn til landsins. Lítilsháttar varp var snemma á þessari öld við Svanshól en hann er 3 km frá ósum Bjarnarfjarðarár (SS 1917). Varpið mun hafa verið í mýrum sem hurfu við framræslu (ÓI).

Æðarvarp er talið til nytja á 11 jörðum á athugunarsvæðinu. Dreifing varpsins hefur breyst lítið frá því um aldamótin 1800 en dúntekja hefur verið ærið misjöfn á þessum tveimur öldum (SS 1917, KHS, óbirt). Árið 1805 fengust um 27 kg af dúni á svæðinu og samsvarar það um 1600 hreiðrum ef gert er ráð fyrir að um 60 hreiður fari í hvert dúnkíló. Árið 1914 var dúntekjan 72 kg (4300 hreiður) en mest varð dúntekjan árið 1931, eða 172 kg (um 10300 hreiður; Hagstofa Íslands).



Afrakstur af æðarvarpi á svæðinu snarminnkaði eftir 1940 og komst niður í 40 kg 1948 (um 2400 hreiður) en hefur aukist jafnt og þétt á síðari árum. Nú er dúntekjan á svæðinu áætluð um 85 kg (5100 hreiður).

Öll vörp sem eitthvað kveður að eru í eyjum og hölmum. Langstærsta varpið er í Ásmundarneseyjum á Bjarnarfirði, Miðlungsvörp (200-800 hreiður) eru í Eyjum (miklu stærra áður fyrr), Kaldrananesi, Grímsey, á Hellu, Húsavík/Tungugróf og í Kollafjarðarnesi. Minni vörp (10-100 hreiður) eru við Hafnarhólm, Kleifar, Sandnes og Hrófá. Nokkur smávörp með 5-40 hreiðrum og lítt nytjuð eru við Kaldbaksvík, Skeljavík og Þorp/Grund. Auk þess verpur talsvert af æðarfugli á stangli. Undanfarin ár hafa 5000-6000 pör orpið á athugunarsvæðinu, þar af 200-400 pör í vörpum sem ekki eru nýtt til dúntekju.

Á sumrin dreifast æðarkollur með unga á alla ströndina. Síðsumars sjást blikar í fjaðrafelli víða en stærstu hóparnir (allt að 2000 fuglar) eru við Bala, Bjarnarnes og Gálmaströnd. Þar sjást einnig stærstu æðarhóparnir á veturna.

Summary: The Common Eider is abundant and breeds more or less along the entire coastline. Currently, 5,000-6,000 pairs breed in the area, most in the eleven colonies that are managed for eider down harvest.

Straumönd *Histrionicus histrionicus*



Erfitt var að staðfesta varp straumanda, þótt þær séu fremur algengar og sjáist við flesta árósa á vorin og fram eftir sumri. Vitað er um nokkur varptilfelli. Kolla með stálpaða unga sást á sjó í Kaldbaksvík 1. ágúst 1991, rétt við ósinn (KHS, PL). Straumönd varp nýverið nokkrum sinnum við Arnkötludal (bæinn), þó ekki 1993 (SIL). Hreiður fannst við Goðdalsá fyrir 1973 (II, skv. FG). Þá sást kolla með 4 litla unga neðst á Selá 21. júlí 1994 (GS).



Straumendur sáust oftast á Selá, Staðará og Bjarnarfjarðará, yfirleitt stök pör. Hópur geldfugla hélt oft til á Selá á sumrin og hvíldist á eyrum við brúna. Flestar sáust þar 36 þann 10. júlí 1989. Á útfallinu úr Kaldbaksvatni sáust 16 blikar og 2 kollur í ákafri ætisleit 14. júní 1984 (JHJ og SHJ) og 19 fuglar (mest steggir) 23. júní 1994. Við ós Bjarnarfjarðarár voru 12 fuglar í fjöru og 3 pör ofar á ánni 29. maí 1987 en stök pör sáust annars oft á ánni. Nokkrir fuglar (2-5) sáust stundum við útfall Grjótár úr Hrófbergsvatni. Við saum auk þess stöku fuglum og pörum bregða fyrir á flestum ám einhvern tíma á athugunarárunum. Þverá hvarf vegna virkjunar 1951 en fyrir þann tíma sáust straumendur oft við útfall árinna úr Þiðriksvallavatni (JHJ, JSG).

Meirihluti straumanda sem sjást á vorin og sumrin við árósa og upp eftir ám verpur sennilega ekki árlega eða eru geldfuglar. Við teljum þó líklegt að örfá pör verpi á athugunarsvæðinu á hverju ári. Auk þeirra varpstaða sem áður er getið (Kaldbaksvík, Arnkötludalsá, Goðdalsá og Selá) er ekki ólíklegt að straumendur verpi einnig víðar á vatnasviði Bjarnarfjarðarár, vatnasviði Staðarár og e.t.v. við útfall Grjótár úr Hrófbergsvatni.

Á vetrum heldur lítill straumandahópur sig við Hvalsárhöfða en þar hafa sést að meðaltali um 10 fuglar í vetrartalningu. Þá sjást straumendur elnnig út með Böllum á veturna (ÓI).

Summary: The Harlequin Duck has been recorded on most of the rivers in the area and dozen are seen annually. However, only a handful of confirmed breeding attempts have been recorded in the area. Thus, non-breeding appears to be relatively common among the Harlequins in the study area.

Hávella *Clangula hyemalis*



Hávellur verpa strjált um athugunarsvæðið, allt frá sjávarmáli og upp á heiðar. Þær sjást alloft á vötnum og tjörnum til fjalla, t.d. á hinum fjölmörgu vötnum á Steingrímsfjarðarheiði. Yfirleitt eru fuglarnir stakir eða fáir saman (1-3) og margir þeirra virðast vera geldfuglar. Þar sem hávellur fundust verpandi var aðeins eitt hreiður við hvert vatn. Við Margrétarvatn á Steingrímsfjarðarheiði (407 m) fundust þó þrjú hreiður í hólma. Við fundum einnig tvö hávelluhreiður rétt ofan sjávarmáls hjá tjörnum við ós Selár.

Á láglandi fundust hreiður með eggjum 27. og 28. maí (5 og 8 egg). Kolla með nýklakta unga sást á tjörn við Selárós 10. júlí 1990 og kolla með litla dúnunga sást á Ögmundarvatni á Bjarnarfjarðarhálsi 12. júlí 1988. Á hálendinu voru hávellur að byrja varp 12. júlí 1987 en þá fundust 1, 4 og 7 egg í hreiðrum í hólma í Margrétarvatni. Kollurnar lágu á tveimur síðastnefndu hreiðrunum. Vegna ísa- og snjóalaga er hólminn landfastur langt fram á sumar og endurnar hefja ekki varp meðan refir eiga greiðan aðgang að hólmanum.


Hávellur eru algengar á sjó allan ársins hring. Fyrri hluta vetrar eru þær fremur dreifðar og stærri hópar en 10-20 fuglar sjást sjaldan. Síðari hluta vetrar og á vorin ber mest á hávellum á sjó og þá hafa sést nokkur hundruð fugla í hóp. Minnst ber á hávellum á sjó síðsumars, á haustin og fram á vetur. Síðsumars (síðari hluta júní-ágúst) sjást þó jafnan hópar (tugir) einkum við árósa í innanverðum firðinum. Þannig sást t.d. hópur 97 fugla (mest steggir) hvílast á eyri við Selárós 27. júní 1992 og 79 (mest steggir) í fjöru við Grænanes 2. júlí 1994.

Hávellan er strjáll varpfugl á athugunarsvæðinu, svo líklegt er að hluti þeirra fugla sem halda sig þar á sjó á vetrum og fram á vor séu umferðarfuglar eða vetrargestir frá norðlægari slóðum.

Varpstofn hávelli á athugunarsvæðinu er lítill og varla meira en fáeinir tugir para.

Summary: The Long-tailed Duck breeds in scattered pairs throughout the study area from sea-level to 468 m a.s.l. The total breeding population is a few dozen pairs. Hundreds occur in Steingrímsfjörður on passage in spring and many remain in winter.

Toppönd *Mergus serrator*



Toppönd er algengur varpfugl við vötn og tjarnir á láglendi og verpur einnig við sjóinn, bæði í hölmum og á ströndinni. Hún sást af og til á Steingrímsfjarðarheiði en verpur þar ekki. Efstu varpstöðvarnar eru við Teigsgilsvatn á Kálfanesfjalli (200 m) og Hrófbergsvatn (161 m). Toppendur verpa einnig við tjarnir á Bjarnarfjarðarhálsi (170 m), af og til í Helluhólum (RJ) og við fundum hreiður í Skeljavíkurhólma.

Flest hreiður voru í kolli hrísþúfna eða í þéttum víðirunnum nokkra metra (allt að 30 m) frá vatnsbakka. Við fundum einnig hreiður í álnardjúpri holu í moldarbakka, gjótum í grasi grónum urðum við sjó og undir steini í sjávarhólma.

Varpið virðist þéttast í landi Tungugrafar. Þar sáust jafnan kollur með unga á litlu sjávarlóni, flestar 6, hver með sinn dúnungahóp, 15. júlí 1991.

Toppendur verpa seint, kollur með unga fóru ekki að sjást fyrr en um miðjan júlí og enn mátti sjá mjög litla unga í byrjun september. Kollur með unga eru algengar á sjó við sunnanverðan Steingrímsfjörð.

Frá byrjun júlí sáust smáhópar steggja víða á Steingrímsfirði. Mest bar á þeim við árósa innst í firðinum þar sem þeir hvíldust oft á eyrum eða í fjörunni. Stærsti hópurinn sást við Tungugröf þann 6. september 1990, um 100 fuglar. Þá sáust 40 fuglar á Bjarnarfirði 11. ágúst 1991 (KHS, PL).

Toppendur eru algengar á sjó á veturna. Á svæðinu Sandnes - Grjótá (14 km) sáust 38 fuglar að meðaltali í 8 vetrartalningum og á svæðinu Víðidalsá - Hvalsárhöfði (18 km) var meðaltal 6 talninga um 40 fuglar. Að jafnaði sáust því um 80 fuglar á 32 km langri strandlengju (2,5 fuglar/km).

Varpstofn toppanda á athugunarsvæðinu virðist vera allstór, e.t.v. 100 pör.

Summary: The Red-breasted Merganser is relatively abundant (approx. 100 pairs), but mostly confined to the coast, although a few pairs breed up to 200 m a.s.l. Up to 200 hundred birds may moult in Steingrímsfjörður and Bjarnarfjörður and 100+ birds remain in Steingrímsfjörður during winter.

Gulönd *Mergus merganser*



Gulendur eru sjaldgæfir varpfuglar á athugunarsvæðinu, eins og víðast hvar hér á landi. Þær sjást þó reglulega á stærstu ánum og á sjó, einkum við innanverða firðina. Sennilega verpa 4-6 pör á svæðinu.

Á Staðará sáu st gulendur á hverju vori. Yfirleitt hélt eitt par til á ánni, 3 pör sáu st 3. júní 1989 og 2 pör og stakur kvenfugl 25. maí 1990. Kolla með 5 stálpaða dúnunga sát st 2. september 1989 og kolla með 3 stóra en ófleyga unga sát st 31. ágúst 1990 og kolla með 5 nær fullvaxna unga 27. ágúst 1994.

Á Selá sáu st gulendur reglulega, oftast eitt par en stundum tvö saman. Þrjár kollur sáu st saman á flugi upp með ánni 21. júlí 1990 og kolla með 10-12 nýklakta unga við gömlu brúna 13. júlí 1991.

Við Arnkötludalsá fannst gulandarhreiður fyrir fáum árum í holbakka. Kollan varp þarna í nokkur ár uns hreiðrið var eyðilagt af laxveiðimönnum (SIL).

Á Bjarnarfjarðará eru gulendur árvissar, oftast eitt par. Vorið 1994 héldu 3 steggir og 3 kollur til á ánni og nágrenni hennar og par sát fljúga inn í Þverárgil og setjast þar í kletta (21. júní). Gulandarhreiður fannst við Goðdalsá einhvern tíma fyrir 1973 (II skv. FG) og þar sát kolla með 9 dúnunga 5. ágúst 1978 (ÓKN).


Gulendur sjást stundum á Kaldbaksá (ÍM). Þar voru 4 steggir og 1 kolla 23. júní 1994 og 4 steggir á Kaldbaksvatni 14. júní 1973 (FG).

Gulendur sáu st nokkrum sinnum á vötnum á Steingrímsfjarðarheiði, einkum á haustin (ungfuglar?), og par sát á vatni á Tröllatunguheiði 29. júní 1994.

Örfáar gulendur halda sig á Steingrímsfirði á veturna. Af 16 fuglum sem sáu st þar í síðari hluta desember á árunum 1988-1994 voru 14 karlfuglar og 2 kvenfuglar.

Summary: The Goosander is rare (4-6 breeding pairs) and mostly confined to the major rivers, e.g. Staðará, Selá, and Bjarnarfjarðará. A few birds remain in winter, mostly males.

Haförn *Haliaetus albicilla*



Þrír gamlir arnarvarpstaðir eru þekktir á svæðinu: í Kaldbaksvík, við Kaldrananes og í Ósfelli við innanverðan Steingrímsfjörð. Varp lagðist af á þeim öllum um aldamótin 1900 (sbr. FG 1967).

Á síðustu árum hefur orðið æ algengara að sjá örnunum bregða fyrir á athugunarsvæðinu enda hefur íslenski arnarstofninn rétt nokkuð við á undanförunum árum (KHS 1994). Tiltölulega stutt er fyrir erni að fara frá aðalheimkynnum sínum við Breiðafjörð og Ísafjarðardjúp yfir til Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar.

Við sáum fyrst örn á svæðinu í vetrartalningu 27. desember 1987 og var það ókynþroska fugl. Sumarið eftir (1988) höfðum við spurnir af tveimur fuglum sem höfðu haldið sig við Steingrímsfjörð undanfarin 2-3 ár, þ.e. frá 1985 eða 1986 (RJ, MH, GS o.fl.). Hinn 2. júní 1989 sáum við tvo erni við Tungugróf (fullorðinn fugl og ókynþroska) og sama dag þriðja fuglinn við Staðarárós og virtist sá vera mjög ungur. Fuglarnir tveir sáust síðan af og til, ýmist annar eða báðir saman. Virtust þeir hafa setstað í norðurenda Kálfanesborga, við sjóinn.


Fimm ernir sáust samtímis á sveimi yfir Hvanndal í göngum haustið 1988 eða 1989 og þrír fuglar héldu sig um tíma við hræ hjá Klúku í Bjarnarfirði haustið 1991 eða 1992 (ÓI).

Í vetrartalningu 26. desember 1992 sáum við 2 fugla innst í firðinum (fullorðinn og ungfugl). Árið 1993 höfðum við oft spurnir af haförnum, oftast einum fugli en eitt sinn sáust 3 frá Kleifum á Selströnd (HBE). Einn ungfugl sást á Selströnd 2. júlí 1994. Þá hefur 1 fugl sést af og til í Kaldbaksvík síðan 1991 (ÍM).

Við athuguðum setstaði og hugsanlega varpstaði hafarnanna á athugunarsvæðinu en ekkert bendir til þess að þeir séu farnir að verpa þar að nýju.

Summary: Three historical White-tailed Eagle eyries are known in the area, all of which were abandoned around the turn of the century. Two or three birds have been recorded year-round in the past decade, but so far there are no signs of nesting.

Smyrill *Falco columbarius*



Smyrlar verpa strjált um athugunarsvæðið, aðallega á láglendi við ströndina eða í dölum, enda mest um aðalfæðu þeirra (mófugla) á þeim slóðum. Skráðir voru 16 varpstaðir, ýmist skv. eigin athugunum eða upplýsingum kunnugra sem taldar voru öruggar. Orpið var með vissu á 8 stöðum á athugunarárunum og einum að auki árið 1986. Smyrlar urpu á tveimur stöðum 1955 og 1957 (JHJ) en sennilega ekki síðan. Frá öðrum stöðum voru upplýsingar um varp, ýmist frá því fyrir 1986 eða frá athugunartímabilinu, án þess að hægt væri að sannreyna það.



Smyrlavarp virðist vera óstöðugt frá einu ári til annars og á aðeins einu setri var orpið í 3 ár samfellt. Allir eru varpstaðirnir í klettum, oftast háum og illkleifum, nema einn er á lágum klettastalli í brekku. Flestir eru varpstaðirnir einnig þekktir sem fálka- og hrafnsetur og smyrlar urpu oft í gamla hrafnslaupa. Ekki er víst að allir varpstaðir hafi fundist. Ef gert er ráð fyrir því að um 40% setra séu í ábúð (ÓKN 1986, KHS o.fl. 1994) verpa 6-7 pör á athugunarsvæðinu.

Smyrill sást einu sinni að vetri til, 24. desember 1989. Á árunum 1953-57 sáust smyrlar stöku sinnum á veturna í desember og janúar (JHJ).

Íslenski smyrillinn er að mestu leyti farfugl og dvelur á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu á veturna. Á Bretlandseyjum hefur smyrlum fækkað á undanförunum áratugum (Crick 1993), svo og í Færeyjum (Sørensen & Block 1991). Einnig virðist smyrlum hafa fækkað á Suðvesturlandi á seinni árum (KHS o.fl. 1994).

Summary: The Merlin breeds sparsely in the lowlands. Sixteen traditional nesting territories are known, but most are now used irregularly. Six or seven pairs may nest annually. Odd birds are recorded occasionally in winter.

Fálki *Falco rusticolus*



Fálki er strjáll varpfugl á athugunarsvæðinu. Hann hefur orpið í öllum reitum nema tveimur.

Alls var skráður 21 varpstaður (fálkasetur). Orpið var með vissu á 10 þeirra 1987-94 og 3 að auki 1985-86. Þá eru 5 þekkt setur þar sem fálkar hafa oft orpið á undanförunum áratugum, þótt varp hafi ekki verið staðfest á athugunarárunum. Að lokum eru 3 staðir þar sem vitað er um fálkavarp í eitt skipti fyrir „mörgum“ árum.

Á athugunarsvæðinu eru því 18 fálkasetur þar sem orpið hefur verið með vissu oft en einu sinni. Hversu mörg þeirra eru í notkun samtímis fer eftir stærð og afkomu varpstofnsins hverju sinni en hvorttveggja er breytilegt og ræðst m.a. af rjúpnastofninum (ÓKN 1990). Öll fálkasetrin voru jafnframt hrafnasetur og urpu fálkarnir nær alltaf í hrafnslaupa, ýmist gamla eða nýja, sem þeir yfirtóku af hröfnunum. Þar sem fálkar urpu tvö eða fleiri vor í röð fluttu þeir sig ávallt á nýjan stað innan óðalsins.

Á árunum 1973-86 var fæðuleifum safnað við 7 fálkahreiður á svæðinu. Alls voru greindir rúmlega 200 einstaklingar. Rjúpa var langalgengasta bráðin (82% einstaklinga), lundar 13% og endur, vaðfuglar, máfar, kríur og spörfuglar 5% (ÓKN).



Á sumum fálkasetrum, einkum við sjóinn, bar mikið á rytjum af sjófuglum, svo sem lunda, en rjúpnaleifar voru allsráðandi á öðrum. Næg rjúpnaveiði fyrir og um varptímann er forsenda þess að varp megi takast (ÓKN 1993).

Fálkar sáust oft að vetri til, einkum við sjóinn en þar voru athuganir okkar ítarlegastar. Þeir sáust veiða bæði æðarfugl og hávellur og eitt sinn sáust fálkar rífa kindahræ.

Um fjölda varppara á svæðinu verður lítið sagt, enda er hann sjálfsagt mjög breytilegur þar eins og annars staðar. Við fylgdumst að staðaldri með 4 fálkasetrum og var t.d. orpið á þeim öllum árið 1989 en á engu þeirra árið 1991.

Summary: Eighteen traditional Gyr Falcon eyries are known in the area. Numbers of breeding pairs fluctuate with the cyclic Rock Ptarmigan population; in good Ptarmigan years 5-10 Gyr Falcon pairs may nest annually.

Rjúpa *Lagopus niutus*



Rjúpa er algengur og mjög útbreiddur varpfugl á athugunarsvæðinu og fannst í öllum reitum nema Grímsey. Mest sást af rjúpum sumarið 1988 en minna næstu árin. Vorið 1994 virtist okkur að þeim væri farið að fjölga aftur. Aðrir (t.d. GS) töldu þó að lítið hefði verið um rjúpu vorið 1994.

Rjúpur verpa dreift um allt svæðið frá fjöru til fjalla. Helstu varpsvæðin eru þó tvö: Bjarnarnes, þ.e. láglendið austur af Bjarnarfjarðarhálsi og hlíðin, og neðanverður Brúarárdalur á Bólum (GS, FH o.fl.). Önnur svæði, þar sem rjúpur sást oft með unga og hreiður með eggjakoppum hafa fundist, eru: Kálfanes (Stakkar og Borgir), innanverður Þiðriksvalladalur, Steingrímsfjarðarheiði (allt upp í 550 m) og Þorskafjarðarheiði, en þar sást nokkrum sinnum rjúpur með litla unga á gróðurlitlum grjótauðnum.

Reglubundnar sveiflur eru í rjúpnastofninum hér á landi (AG 1982b, ÓKN 1996). Oftast líða um 10 ár á milli hámarka en sveiflurnar eru misjafnlega miklar.



Til þess að átta sig á stærð rjúpnastofnsins á hverjum tíma er notuð sú aðferð að telja karra á vorin á tilteknum svæðum. Best er að telja í síðari hluta maí, en þá ber mest á körrunum þar sem þeir hreykja sér á þúfum og steinum (ÓKN 1995).

Athuganir okkar í maí voru fremur strjálar og ekki voru gerðar talningar á rjúpukörrum á afmörkuðum svæðum.

Talsverð rjúpnaveiði er stunduð á athugunarsvæðinu.

Summary: The Rock Ptarmigan is widely distributed, breeding from sea-level to the high barren grounds (550 m a.s.l.). The highest densities occur in coastal heaths in the eastern part of the study area (Bjarnarnes and Balar).

Tjaldur *Haematopus ostralegus*



Tjaldur er algengur og útbreiddur varpfugl meðfram allri ströndinni. Langþéttast er varpið við sunnanverðan Steingrímsfjörð, á 18 km kafla frá Hvalsárhöfða að Skeljavík. Þar var meðaltjalarlægð milli varpstaða 333 m. Hreiður voru oftast í malartjörum, rétt ofan flóðmarka, en nokkur á melum og holtum allt að 200 m frá sjó og sum í vegköntum. Lengst frá sjó (4 km) verpa tjaldar á eyri við Bjarnarfjarðará.

Á öllu athugunarsvæðinu verpa um 110 pör skv. talningum 1992, langflest við Steingrímsfjörð eða 85 (JHJ & BG, í undirbúningi).



Pör fóru að sjást á þekktum óðulum fyrstu dagana í apríl en aðalkomutíminn er í síðari hluta apríl. Varp hefst í fyrstu viku maí. Fyrsta hreiður sem fullorpið var í (3 egg) fannst 1. maí og hafa þeir fuglar byrjað að verpa um 25. apríl. Hreiður með eggjum fundust allt til 9. júlí (endurvarp?). Nokkur hreiður fundust með 4 eggjum og fyrir kom að 4 ungar næðu að verða fleygir hjá sama pari. Tjaldar verpa annars oftast 3 eggjum. Flestir ungar urðu fleygir í fyrri hluta júlí. Þeir dvöldu á óðallnu í umsjá foreldra lengi eftir það, eða allt til ágústloka, en þá fóru tjaldar að yfirgefa athugunarsvæðið.

Um 10-20 fuglar virðast stundum halda til á athugunarsvæðinu vetrarlangt, einkum á Gálmaströnd. Á árunum 1955-57 sáust tjaldar nokkrum sinnum í Skeljavík og við Hólmavík í desember og janúar (JHJ).

Kunnugir telja að tjöldum hafi fjölgað á svæðinu á undanförunum 30 árum. Þeir voru þó algengir varpfuglar við Steingrímsfjörð á árunum 1955-57 (JHJ). Tjöldum hefur fjölgað á Norðurlandi á þessari öld, t.d. í Hrútafirði (FG 1951).

Summary: The Eurasian Oystercatcher breeds commonly along the coast, but only up to 4 km inland. In 1992 110 pairs bred, most (85) in Steingrímsfjörður. Ten to 20 birds appear to winter, at least occasionally, in the outer Steingrímsfjörður.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*



Sandlóur verpa eingöngu á láglendi og meðfram allri ströndinni, nema í Grímsey. Kjörlendi þeirra er fjörur (sandur-möl), sjávargrundir og áreyrar. Mest er um sandlóur við suðurströnd Steingrímsfjarðar en þar eru kjörlendi þeirra víðáttumest: sjávargrundir og áreyrar. Strjálást er varpið á Böllum þar sem undirlendi er nær ekkert og ströndin klettótt. Sandlóur verða svo aftur algengar er kemur norður í Kaldbaksvík. Sandlóur verpa langoftast efst í fjörum en alloft á grundum og melum 100-500 m frá sjó þar sem svo háttar til. Við stærstu árnar (Hrófá, Staðará, Selá og Bjarnarfjarðará) urpu sandlóur allt að 4 km upp með ánum. Þá hefur sandlóa orpið við innanvert Þiðriksvallavatn á eyrum um 4 km frá sjó og 73 m ofan sjávarmáls. Við klettastrendur nægir oft fjörubleðill í víkurbotni eða lækjarós sem varpstaður og stundum melkollur eða flag upp af sjávarklettum.



Sandlóur fara að sjást um mánaðamót apríl-maí og úr því fer þeim að fjölga í fjörum en virðast dreifast fljótt á varpstaði. Hópar 10-15 fugla sem oft sjást í fjörum í síðari hluta maí ásamt rauðbrystingum, tildrum og lóuprælum gætu verið umferðarfuglar á leið til varpstöðva á Grænlandi.

Aðalvarptíminn er í síðustu viku maí. Fyrsta hreiður sem fullorpið var í (4 egg) fannst 24. maí. Nýskriðnir ungar eru algengir um 20. júní og fundust allt til 28. júlí. Þá fundust einnig fleygir ungar.

Smáhópar af sandlóum sjást aftur í fjörum um mánaðamót júlí-ágúst. Sandlóur eru að mestu horfnar um mánaðamót ágúst-september en stöku fuglar sjást þó til 14. september. Við teljum að 100-150 pör verpi á svæðinu.

Summary: The Ringed Plover is common along the coast and along river banks and lakes up to 4 km inland; 100-150 pairs may breed in the area.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*



Heiðlóa er útbreiddasti vaðfuglinn á svæðinu, er mjög algeng um allt láglendi og upp í 400 m y.s. og verpur í öllum reitum nema í Grímsey. Hún verpur strjált á sunnanverðri Steingrímsfjarðarheiði (400-420 m y.s.) og Þorskafjarðarheiði (420-470 m y.s.) en er allalgeng á sunnanverðri Trékyllisheiði upp undir 350-400 m y.s. Á Tröllatunguheiði er heiðlóa strjáll varpfugl í um 400 m. Hún er einkennisfugl móa, mela og fjalllendis og verpur allt niður undir sjávarmál.

Varptíminn virðist vera allbreytilegur. Hreiður með eggjum fundust á láglendi frá 6. maí (3 egg) en aðalvarptíminn virðist vera í síðari hluta maí og fyrstu viku júní. Nýskriðnir ungar sást frá 23. júní til 22. júlí en þá fundust einnig nýfleygir ungar.

Á hálendinu fannst hreiður í Hátungum (450 m) 27. júní (1 egg) og á Tröllatunguheiði (400 m) fundust tvö hreiður 11. júlí (3 og 4 egg). Heiðlóa með varpatferli sást á Steingrímsfjarðarheiði 27. ágúst.


Vorin 1953-57 komu lóur til Steingrímsfjarðar 15.-23. apríl (JHJ). Í fyrstu halda þær sig á túnnum og í fjörum, mislengi eftir tíðarfari. Smáhópar geldfugla virðast halda sig við sjávarsíðuna og sjást í fjörum á sumrin t.d. á Böllum og í Kaldbaksvík.

Um miðjan ágúst fer heiðlóum að fækka án þess að veruleg hópamyndun eigi sér stað. Í lok ágúst eru þær mikið til horfnar en þó hafa stöku smáhópar sést allt fram í miðjan september. Heiðlóur virðast lítið sem ekkert leita á leirur eða í aðrar fjörur á haustin.

Á svæðinu verpa a.m.k. nokkur þúsund pör og er heiðlóa næstalgengasti mófuglinn á svæðinu, á eftir þúfutittlingi.

Summary: The European Golden Plover breeds commonly throughout the study area, from sea-level to the 400 m contour and some breed up to 470 m a.s.l. The total population is at least several thousand pairs making the Golden Plover the second most abundant upland species in the area.

Sendlingur *Calidris maritima*




Sendlingur er útbreiddur varpfugl og fannst í öllum reitum nema í Grímsey. Hann verpur víðast hvar strjált ofan 150-200 m en er þó algengur varpfugl niður að sjávarmáli á Selströnd og Bjarnarnesi. Sendlingar með unga fundust einnig nærri sjó við sunnanverðan Steingrímsfjörð; við Hvalsárhöfða, Húsavík og Miðdalsá. Sendlingar voru algengir á Steingrímsfjarðarheiði 1987-88, t.d. fundust 6 ungahópar á 12 km² við Margrétarvatn og Högnavatn 10.-11. júlí 1987. Eftir snjóþunga vorið 1989 hefur verið minna um þá. Sendlingar eru algengir á Tröllatunguheiði, Trékyllisheiði, Kálfanesfjalli og Hrófbergssfjalli en virðast fremur sjaldgæfir á Böllum, Balafjöllum og Hólsfjalli.

Á Steingrímsfjarðarheiði (400-500 m) benda 8 hreiður- og ungafundir til þess að varp hefjist yfirleitt um 20. júní (4 hreiður). Fyrstu eggjum var orpið um 29. maí og hreiður með 4 eggjum fannst 8. júlí. Annars staðar á hálendi (161-330 m) benda 6 hreiður- og ungafundir til þess að upphaf varptíma sé allbreytilegt og að eggjum sé orpið frá 25. maí til 4. júlí. Á láglandi voru athuguð 14 hreiður og ungahópar og virðist varp þar hefjast í fyrsta lagi 27. maí (eitt hreiður) og síðast 19. júní (2 hreiður) en að jafnaði um miðjan júní.

Margir heimamenn telja að miklu minna sé um sendlinga í fjörum að vetrarlagi nú en áður, en nokkur hundruð fugla halda sig á athugunarsvæðinu á veturna. T.d. var hópur 400-500 fugla í flóðsetri í Höfða 23. desember 1994. Sendlingum virðist fjölga mikið í maí og þá fara þeir að leita á leirur á svæðinu. Um 500-1000 fuglar voru á Stakkanesleiru 19. maí 1991 og 1000-1500 fuglar 28. maí 1993. Sennilega eru þetta að einhverju leyti umferðarfuglar. Í síðari hluta júlí fjölga sendlingum aftur í fjörum og sjást þá hópar (tugir-hundruð) á nesjum og töngum, t.d. við Kollafjarðarnes. Sendlingar leita lítið á leirur á haustin, þó voru 300 við Stakkanes 1. september 1989.

Summary: The Purple Sandpiper breeds commonly on the high ground (above 150 m a.s.l.), but also at sea-level in some areas. Up to 1,500 birds have been recorded on mud flats in the inner Steingrímsfjörður in spring; a few hundred remain in winter.

Lóupræll *Calidris alpina*



Lóuprælar eru algengir um mestallt svæðið en fremur lítið ber á þeim og stundum er erfitt að staðfesta varp. Þeir reyndust þó verpa í 8 reitum og hugsanlega í 2 til viðbótar. Lóuprælar eru einkum varpfuglar á láglendi en einnig allhátt þar sem kjörlendi er. Einna mest er um þá í graslendi á blautum strandsvæðum með pollum og kílum. Einnig eru þeir algengir í jaðarmýrum inn til landsins og á snögglendi við ár og stöðuvötn. Sums staðar verpa þeir í húsmóum (Bjarnarfjarðarháls) og á melum (Bjarnarnes) en þá er lækjarsytra oftast nærri.

Lóuprælar eru mjög algengir á láglendinu við sunnanverðan Steingrímsfjörð, á svæðinu Húsavík - Tröllatunga - Hrófá. Einnig er margt um þá í Þiðriksvalladal, Vatnadal og Bjarnarfirði, bæði meðfram ánni og í votlendi við fjarðarbotninn. Þeir fundust hins vegar hvorki á Bólum né í Kaldbaksvík. Á hálendinu sáust lóuprælar með varpatferli m.a. á Kálfnanesfjalli (200 m) og Aratungufjalli (300 m). Slæðingur sást jafnan á Steingrímsfjarðarheiði og þar sást fugl með varpatferli við Högnavötn (415 m).



Lóuprælar eru mest áberandi á vorin meðan þeir halda sig í fjörum, stundum í allstórum hópum (tugir-hundruð). Þeir fyrstu sjást í byrjun maí en annars virðast þeir ekki koma að ráði fyrr en undir miðjan mánuðinn. Varp hefst sennilega í lok maí. Fárara daga gamlir ungar fundust 24. og 25. júní og stálpaðir ungar 3. júlí. Einnig fundust nýskriðnir ungar 17. júlí.

Slæðingur af lóuprælum er í fjörum allt sumarið, t.d. tugir á Stakkanesleiru og í botni Bjarnarfjarðar. Þeim fjölga um miðjan júlí og síðan sjást hópar 100-300 fugla á leirunum og minni hópar stundum við votlendi inn til landsins, t.d. við Þiðriksvallavatn. Lóuprælar eru algengir í fjörum fram í síðari hluta ágúst og hafa sést til 12. september.

Við teljum að 200-400 pör verpi á svæðinu.

Summary: The Dunlin breeds relatively commonly throughout the lowlands and sporadically up to 415 m a.s.l. High densities are found in the coastal wetlands of southern Steingrímsfjörður and in Bjarnarfjörður. Hundreds are seen on the coast in spring and again in late summer. The breeding population may be 200-400 pairs.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*



Hrossagaukur er meðal útbreiddustu fugla á athugunarsvæðinu og algengur víðast hvar. Varp hans hefur verið skráð í 12 reitum af 14 og hann verpur hugsanlega í einum að auki. Eyður í útbreiðslu eru hvergi nema á háfjöllum (ofan 400 m y.s.). Á Bølum og í Kaldbaksvík er hrossagaukurinn strjáll varpfugl.

Varpkjörlandi hrossagauka er fjölbreytt en þeir eru langalgengastir í ýmiss konar votlendi og graslandi á láglendi. Í Bjarnarfirði verpur hrossagaukur gjaman í allhávöxnu birkikjarri og í Staðardal og Selárdal í lágvöxnu víðikjarri og fjalldrapaméum í hlíðum. Á fjöllum verpur hann oft við lítil mýrasund og bleytur með starargróðri.

Aðalvarptíminn virðist vera í síðari hluta maí en tvö fullorpin hreiður (með 4 eggjum) fundust 4. og 6. maí. Hreiður með eggjum fundust allt til **júliloka**, m.a. eitt með 2 eggjum 27. júlí og vora tveir nýfleygir ungar þar rétt hjá (tvívarp?). Nýklaktir ungar fundust allt til 13. ágúst.



Vorin 1953-57 komu hrossagaukar til Hólmavíkur og nágrennis síðustu dagana í apríl (JHJ). Í vorhretum, þegar mikinn snjó setur niður, leita hrossagaukar í lækjarósa og jafnvel upp að húsveggjum sem bræða frá sér en nær aldrei í fjöru.

Á haustin sjást hrossagaukar á ólíklegustu stöðum, jafnvel á háfjöllum, og stöku fuglar sjást fram í október.

Varpstofn hrossagauka á athugunarsvæðinu er stór (áætlaður 500-1000 pör) og ekki er kunnugt um neinar breytingar á honum.

Summary: The Common Snipe is among the most widespread species with conformed breeding recorded in 12 of the 14 squares. The only gaps are in the barren highland squares. The Snipe is most common in various types of lowland wetlands, but also in birch and willow scrub; 500-1,000 pairs may breed in the area.

Jaðrakan *Limosa limosa*



Jaðrakan er nýr varpfugl á athugunarsvæðinu og sást fyrst að talið er við Tungugróf um eða upp úr 1980 (ML). Í júní 1986 sást fugl í Stakkamýri sem lét eins og hann væri með egg eða unga og annar fugl sást við Kaldrananes (ÓKN). Sumarið 1987 varð hvergi vart við jaðrakana á svæðinu. Vorið 1988 var þar með varpatferli í Stakkamýri en hvorki hreiður né ungar fundust. Þá sáust tveir stakir fuglar, annar við Lómatjörn, hinn í lóuhóp við Vatnshorn. Á næstu árum fóru jaðrakanar að sjást víðar og 3-5 fuglar sáust jafnan á vorin við sjávarlón og tjarnir við sjó í landi Tungugrafar.

Vorið 1990 varp þar í Stakkamýri og 9. júlí sást þar stálpaður dúnungi. Vorið eftir (1991) urpu þar tvö pör. Á næstu 3 árum færðu jaðrakanar svo út kvíarnar. Tvö pör urpu í nágrenni Tröllatungu 1992, eitt par í Bjarnarnesmýrum og sennilega þar við Svanshól í Bjarnarfirði. Síðan hafa jaðrakanar tekið að verpa við Húsavík (par), Lómatjörn (2-3 pör), Kleppustaði í Staðardal (par), Selárós (par) og vorið 1994 urpu 3 pör í votlendinu milli Svanshóls og Þverárgils í Bjarnarfirði.

Jaðrakanar hafa því á örfáum ámm náð öruggri fótfestu sem varpfuglar á athugunarsvæðinu og er varpstofninn nú (1994) um 15 pör.

Kjörlendi jaðrakana á svæðinu virðist vera mýrar eða hallamýrar sem liggja að lyng- og hrísivöxnum hlíðum eða brekkum. Fuglamir fara síðan gjarnan með ungana upp í hlíðarnar.

Á vorin koma jaðrakanarnir fyrstu dagana í maí (fyrsta athugun 1. maí) og sjást þá m.a. í fjörum við Tungugróf. Þeir leita nær strax á varpstaðina, jafnvel þótt þeir séu þá oft að mestu undir ís og snjó.

Summary: The Black-tailed Godwit colonized the area in the mid-1980s and has been increasing and spreading during the past five years. About 15 pairs are currently breeding at nine localities.

Spói *Numenius phaeopus*



Spóinn er algengur varpfugl á láglendi, fannst í flestum reitum neðan 200 m, þó ekki á Böllum, í Kaldbaksvík og Grímsey. Spóar sáust upp eftir hlíðum í allt að 300-400 m hæð þar sem kjörlendi var í dalbotnum og í brúnum Staðardals og Selárdals. Þeir voru algengir í Vatnadal (170 m) og sáust með varpatferli á Bjarnarfjarðarhálsi (172 m). Á Trékyllisheiði voru 2 pör með varpatferli í um 300 m hæð. Spóar sáust ekki á Steingrímsfjarðar-, Þorskafjarðar- og Tröllatunguheiðum.

Mest er um spóa þar sem skiptast á flóar, mýradrög og hnísmóar, eins og á svæðinu Húsavík - Tröllatunga - Hrófá. Einnig er mikið um spóa í svipuðu kjörlendi í innanverðum Þiðriksvalladal, Kálfanesi, utanverðum Staðar- og Selárdölum og á austanverðri Selströnd, frá Bæ að Bjarnarnesi. Þá eru spóar allalgengir í Bjarnarfirði, einkum í mólendi fyrir botni fjarðarins.

Í Sogum í landi Kálfaness var mikið um spóa árin 1988-90, áætluð 4 pör á 0,5 km² svæði, eða 8 pör/km². Árið 1991 var sennilega 1 par á svæðinu og 1992 sást þar enginn spói. Þrjú fyrstu árin varp smyrill á svæðinu en tvö þau síðari varp þar hrafn. Í Selárdal, utan Geirmundarstaða, áætluðum við um 8 pör á einum km².

Aðalvarptíminn er í síðustu viku maí. Af 19 pörum hófu 13 varp fyrir 1. júní, þar af 5 á tímabilinu 10.-20. maí. Varpi virðist þó stundum seinka og hreiður með einu eggji fannst 19. júní og annað með 2 eggjum 27. júní. Nýfleygir ungar fundust frá 5. júlí til 27. júlí.



Komutími fyrstu spóa við Hólmavík á árunum 1953-57 var í fyrstu viku maí (JHJ). Hópur 9 fugla sást við Selárós 2. maí 1989.

Farflug hefst um miðjan júlí og sjást þá stakir fuglar og smáhópar (2-5 fuglar). Stærstu hóparnir sáust 20. ágúst (14) og 27. ágúst (24) en spóar sáust allt til 15. september. Vetrarstöðvar spóa eru í V-Afríku (ÁWH 1982).

Sennilega verpa 500-1000 pör á svæðinu.

Summary: The Whimbrel breeds commonly in most of the lowlands and up to 300 m a.s.l. in the slopes of the valleys. Only odd pairs breed on the highland plateau, e.g. in the southern Trékyllisheiði (300 m a.s.l.); 500-1,000 pairs may breed in the area.

Stelkur *Tringa totanus*



Stelkur er mjög algengur og útbreiddur varpfugl í og við hverskyns votlendi á láglandi. Hann er langalgengastur við sjávarsíðuna og mest áberandi fjörufluglinn á sumrin og fram á haust. Hann fannst í öllum reitum nema tveimur (Kirkjutungufjall og Þorskafjarðarheiði).

Stelkar verpa frá sjávarmáli og upp undir 100 m hæð en efri mörk útbreiðslu takmarkast annars af efstu túnunum. Stelkurinn hefur sérstakt dálæti á girðingastaurum sem setstöðum. Í Vatnadal (fjalldalur í um 160 m hæð) eru stelkar algengir en þar eru gömul tún og staurar. Hreiður með 3 eggjum fannst þar 8. júlí. Stelkar fundust hvergi verpandi hærra, en þeir sáu loft við Miðaftansvötn á Kálfanesfjalli í 260 m þar sem þeir virtust þó ekki verpa. Við fundum t.d. ekki stelka á vatnasvæði Bjarnarfjarðarháls (160-170 m) en varplegur fugl sást hinn 11. júní 1986 milli Þrírtjarna og Urriðavatna (ÓKN).

Stelkar koma snemma á svæðið á vorin, eða um og upp úr miðjum apríl skv. athugunum 1953-57 (JHJ). Þeir halda sig þá í fyrstu nær eingöngu í fjörum. Á Stakkanesleirunni sjást þeir hundruðum saman á vorin, t.d. um 500 fuglar 19. maí 1991.

Aðalvarptíminn er í síðustu viku maí. Hreiður með eggjum fundust frá 13. maí (1 egg) til 8. júlí (3 egg) og litlir dúnungar fundust frá 18. júní til 25. júlí. Fleygir ungar fóru að sjást um miðjan júlí.


Stelkar fara að hópa sig í fjörum strax í fyrri hluta júlí og sjást þá t.d. mikið á Stakkanesleiru (tugir-hundruð). Þeim fer fækkandi á svæðinu er á líður ágúst og í lok mánaðarins eru þeir flestir horfnir. Slæðingur af stelkum sést þó í fjörum, einkum við Gálmaströnd til loka september.

Stelkar hafa sést á svæðinu að vetri til, þó ekki á síðari árum. Nokkrir fuglar sáu t.d. í Sandskeri 9. desember 1952 (JHJ).

Svo virðist sem stelkum hafi fjölgað á svæðinu á síðustu áratugum samfara stóraukinni túnrækt. Við teljum að a.m.k. 1.000 pör verpi á svæðinu.

Summary: The Common Redshank is widespread in the lowland wetlands, below 100 m a.s.l., although odd pairs may breed up to 160 m a.s.l. which is the upper limit of cultivated fields. Numbers have increased in the past decades and the current population is 1,000+ pairs.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*



Óðinshani er fremur sjaldséður og mjög strjáll varpfugl á athugunarsvæðinu. Hann reyndist verpa í sex reitum á láglandi en einungis er um að ræða 11 varpstaði. Öruggt varp var á sex þeirra, gamalt varp á einum (frá 1956) og fjórir aðrir eru hugsanlegir varpstaðir. Þar sem óðinshana fundust verpandi var yfirleitt aðeins eitt hreiður, svo sem í Þríkriksvalladal, við Lómatjörn, í Goðdal og Bjarnarnesmýrum. Í votlendinu við Bjarnarfjarðarbotn voru sennilega tvö hreiður og við Fitjavatn gætu hafa verið 2-4 hreiður en þar var einna mest um óðinshana (10-20 fuglar). Á Bjarnarfjarðarhálsi fannst hreiður 1956 (FG) og við Urðavötn 1975 (ÖKN) en óðinshana virðast ekki verpa þar lengur. Við Miðaftansvötn á Kálfanesfjalli (260 m) sáust oft 3-5 fuglar en óvíst er um varp. Óðinshana sáust ekki hærra yfir sjó en þar. Við Skarð og Svanshól í Bjarnarfirði sáust oft 2-5 fuglar og líklegt er að á því svæði séu 1-2 hreiður. Í Selárdal virðist víða vera kjörlendi fyrir óðinshana en þar sáust þeir mjög sjaldan. Í landi Tungugrafar sáust óðinshana oft á víkum og sjávarlönnum á sumrin og hugsanlegt að þar séu 1-2 varpstaðir.


Óðinshana sjást öðru hverju á sjó allt sumarið, ýmist stakir eða fáir fuglar (3-5) í dreifðum hóp, oft í tengslum við straumrastir.

Í júlí sáust nokkrum sinnum hópar á sjó og pollum nærri sjó. Þannig sást hópur 400-500 fugla á vík við Tungugröf 20. júlí 1988 og 20-30 á sjó við Gálmaströnd 11. júlí 1990. Við Hafnarhólm á Selströnd sást 21 fugl á polli 17. júlí 1993 og sama dag 70-100 á Hveravík. Í Bjarnarnesmýrum sáust 25 á polli 20. júlí 1994. Slíkir hópar virðast vera kvenfuglar í búningaskiptum og eru fuglarnir mjög ljósir yfirlitum og líklega mest umferðarfuglar.

Varpstofn óðinshana á athugunarsvæðinu virðist vera mjög lítill og vart stærri en örfáir tugir para.

Summary: The Red-necked Phalarope is rare and scattered in the area with a few dozen pairs breeding at 11 localities, from sea-level to 260 m a.s.l. Hundreds occur on the coast in mid-summer, presumably passage migrants.

Kjóí *Stercorarius parasiticus*



Kjóar verpa á víð og dreif um mestallt athugunarsvæðið, alls nokkrir tugir para. Þeir fundust í 10 reitum en vegna þess hve þeir eru strjálir og kjörlendið margvíslegt er hugsanlegt að þeir verpi einnig í öðrum reitum, a.m.k. stundum.

Kjóar verpa allt frá sjávarmáli upp á háheiðar. Þörin voru ávallt stök eða a.m.k. mörg hundruð metrar á milli hreiðra.

Varpkjörlendi kjóa er margvíslegt, þeir verpa á þúfum, klöppum og öðrum þurrum blettum í mýrum. Þeir verpa einnig í blautum hrísflóum innst í Þiðriksvalladal, Kálfanesflóa, fyrir botni Bjarnarfjarðar, Bjarnarnessmýrum, við Seljagil í Selárdal og Brúararvatn á Balafjöllum. Einnig á grundum og harðbala við ós Bjarnarfjarðarár og við Þjóðbrókargil í Selárdal. Í Staðardal urpu kjóar á gróðurlausum áreyrum.

Á Þorskafjarðarheiði (450 m) urpu kjóar á þremur stöðum á gróðurlitlum melum eða leirflögum í grennd við vatn og á svipuðu landi á Trékyllisheiði. Þá fundust kjóar verpandi í Heydal 1986 (ÓKN) og í Hvalsárdal 1992 (GS).


Kjóar eru mest áberandi við sjóinn þar sem þeir eltast við kríur og hettumáfa til þess að ræna þá æti. Þeir sjást einnig iðulega inn til landsins í dölum og til heiða þar sem þeir sveiman gjarna um á lágu flugi í ætisleit einn og tveir saman.

Á árunum 1953-57 virtust kjóar koma síðast í apríl en fyrsti fuglinn sást 9. eða 10. apríl 1957. Þeim virðist fækka undir lok ágúst en stöku fuglar sáust fram eftir september, síðast 29. september 1956 (JHJ). Kjóinn er alger farfugl, úthafsfugl utan varptímans og heldur sig þá á suðurlhveli jarðar (AI 1982).

Kjóar eru talsvert ofsóttir af mönnum og þá iðulega skotnir á varpstað án þess að tilgangur þess sé með öllu ljós.

Summary: The Arctic Skua breeds in scattered pairs in various types of habitats from sea-level to the high barren grounds, totalling a few dozen pairs. It is persecuted at some of the breeding localities, mostly by vandals, but also eider farmers.

Hettumáfur *Larus ridibundus*



Hettumáfar hafa orpið á 22 stöðum á svæðinu en öll vörpin eru smá og mörg óstöðug. Þó hafa hettumáfar orpið við Lómatjörn óslitið frá 1956. Við sunnanverðan Steingrímsfjörð verpur slæðingur í smávörpum (2-10 pör hvert), frá Heyðalsá að ósi Staðarár. Stærsta varpið er í Skeljavíkurhólma (10-15 pör). Á nokkrum stöðum er varp í mýrum og við tjarnir, mest við Lómatjörn (10-15 pör). Við norðanverðan fjörðinn er oft varp í Helluhólum (5-10 pör) og lítulsháttar í Bjarnanesmýrum (4-6 pör). Sumarið 1977 voru 4 fuglar í varpi við Urriðavötn (ÓKN). Í Bjarnarfirði er varp við Kaldrananes (4-6 pör) og Skarð (22 pör). Ekkert varp er á Böllum, í Kaldbaksvík og Grímsey.

Hettumáfar voru farnir að sjást við Hólmavík árið 1953 en ekki var vitað um neina varpstaði þá (JHJ). Fyrstu merki um varp fundust 1956 þegar 3 nýfleygir ungar sáu í Sandskeri. Þeir hafa sennilega komið frá varpstaði við Lómatjörn en þar fannst eitt hreiður 18. júní 1957. Hreiðrin hafa sennilega verið fleiri í hávaxinni stöðinni því 12 fullorðnir fuglar voru í varpinu. Þann 9. júlí sama ár sáu margir nýfleygir ungar í grennd við Hólmavík (JHJ). Um svipað leyti hafa hettumáfar sennilega orpið í Stakkamýri þar sem talsvert var um hettumáfa um miðjan júlí 1957 (JHJ).



Talið er að hettumáfar hafi tekið að verpa á Vatnadal um 1958 (FG, dagbók 1973). Þar var hinsvegar ekkert varp á athugunarárunum. Þá er talið að hettumáfar hafi byrjað að verpa í hólum í Bjarnarfjarðará skömmu fyrir 1973 (FG). Vorið 1973 urpu um 30 pör við tjörn í landi Bæjar á Selströnd en varpið varð að engu sama vor vegna eggjatöku (BjG, skv. FG).

Sumir reyna að uppræta hettumáfa í æðar- eða kríuvörpum, m.a. með ólöglegri skotmennsku. Vörp hafa einnig horfið vegna hóflausrar eggjatöku. Vorið 1994 stofnuðu hettumáfar t.d. til varps við Bjarnarfjarðará. Þann 22. maí voru 22 hreiður með eggjum en nokkrum dögum síðar hafði varpinu verið eytt.

Fremur erfitt er að meta fjölda varppara, einkum vegna þess hve vörpin eru smá og óstöðug og ekki var talið í þeim öllum sama árið. Líklega verpa þó um 100-200 pör á athugunarsvæðinu. Hettumáfurinn er að mestu farfugl en fáeinir fuglar sjást á svæðinu vetrarlangt.

Summary: The Black-headed Gull colonized the area in the mid-1950s and has bred at 22 localities. Most of the colonies are unstable, in part because of human persecution; 100-200 pairs may breed in the area. A few birds remain in winter.

Sílamáfur *Larus fuscus*



Sílamáfur er nýr varpfugl á athugunarsvæðinu og verpur á tveimur stöðum, í Grímsey og Strákey við Eyjar. Sílamáfar hófu að verpa í Grímsey um eða upp úr 1985 og hefur varpið aukist með hverju ári (GS, BjG o.fl.). Í júní 1992 voru margir sílamáfar skotnir í Grímsey ásamt öðrum tegundum máfa. Þann 16. júlí 1993 fundum við 10 tórn hreiður milli þúfna í móum á háeynni sem virtust vera sílamáfshreiður. Einnig fundust 5 stálpaðir ungar, en ekki urðu þeir greindir með vissu frá ungum svartbaka og silfurmáfa, sem einnig verpa í Grímsey (JHJ, BG, ÆP, SB). Fullorðnir sílamáfar (10-15) létu sem þeir væru þarna í varpi. Hinn 25. júní 1994 voru sílamáfar algengir í Grímsey og fundust bæði hreiður með eggjum og ungar (JÓH).


Þann 22. júní 1994 sást sílamáfur á hreiðri í Strákey við Eyjar á Böllum. Makinn hélt sig í námunda við hreiðið en fleiri fuglar sáust ekki. Ekki er vitað til þess að sílamáfar hafi orpið þarna áður (EÞG).

Sílamáfur var fyrst skráður á athugunarsvæðinu 17. júní 1957, einn fugl á sveimi yfir Kálfanesflóa (JHJ). Þann 16. júní 1973 fannst dauður fugl við fiskeldistjörn í Goðdal (FG). Þegar við hófum athuganir árið 1987 voru sílamáfar allalgengir. Þá sáust oft nokkrir fuglar (2-7) sitja við árókana við fjarðarbotnana en mest bar á þeim við Hólmavík og Drangsnes (tugir). Þeir virtust einnig laðast að loðdýrabúi í Bjarnarfirði. Þar sáust t.d. 12 fuglar 12. júlí 1988. Sílamáfum virtist heldur fjölga á athugunarárunum.

Sílamáfurinn er nýlegur landnemi á Íslandi. Hann mun fyrst hafa orpið hér á landi um 1920 og er algengastur á sunnanverðu landinu (APS 1996). Sílamáfur er alger farfugl og fer allt suður til stranda Norður-Afríku. Tveir íslenskir sílamáfar hafa t.d. endurheimst í Marokkó (AI 1982, APS 1996).

Summary: The Lesser Black-backed Gull was first recorded in the area in the mid-1950s, but the first confirmed breeding records are from the mid-1980s. Currently breeding on Grímsey (10+ pairs) and by Eyjar (one pair in 1994).

Silfurmáfur *Larus argentatus*





Silfurmáfur hóf varp í Grímsey á athugunarárunum og verpur hvergi annars staðar á svæðinu svo vitað sé, en einungis er um fá pör að ræða. Árið 1992 var silfurmáfur sagður orðinn nokkuð áberandi í Grímsey á sumrin en óvíst var um varp þar (BjG). Þann 26. júlí 1992 voru nokkrir silfurmáfur skotnir í Grímsey og voru þeir taldir líklegir varpfuglar (GS). Er við vorum í Grímsey 16. júlí 1993 ásamt ÆP og SB voru þar nokkur silfurmáfspör (3-6) sem létu eins og þau ættu egg eða unga. Tveir allstálpaðir ungar fundust svo á norðanverðri eyinni. Þann 25. júní 1994 voru silfurmáfur allalgengir í Grímsey, fugl sást á hreiðri og einnig fannst hreiður með eggjum (JÓH).

Silfurmáfur nam land á Austfjörðum um 1920 og er algengastur um austanvert landið (AI 1982). Síðan hefur hann breiðst út til vesturs bæði sunnanlands og norðan. Silfurmáfa er ekki getið við Hólmavík á árunum 1953-57 (JHJ), né úr ferð um þessar slóðir 11.-18. júní 1973 (FG).

Slæðingur af silfurmáfum sést á athugunarsvæðinu allt árið en á veturna sjást nær eingöngu fullorðnir fuglar. Silfurmáfur virðist að mestu vera staðfugl en eitthvað af ungfuglum fer þó suður á bóginn á veturna og stöku fuglar jafnvel vestur um haf (AI 1982).

Summary: The Herring Gull has recently started breeding in the gull colony on Grímsey (several pairs in 1994). A few birds, mostly adults, are seen in Steingrímsfjörður in winter.

Hvítmáfur *Larus hyperboreus*



Hvítmáfur verpur nú á tveimur stöðum á athugunarsvæðinu, í Grímsey og Kaldbakshorní. Bæði vörpin eru ný og telja sennilega fáa tugi para.

Fyrsta vitneskja um varp í Grímsey er frá 19. maí 1991 er við sáuum hvítmaf á hreiðri á breiðri grassyllu uppi undir brún á norðanverðri eyinni. Árið 1992 var talið að hvítmafar væru sennilega nýfamir að verpa í Grímsey, því þeir voru farnir að sjást þar á sumrin (BjG). Nokkrir hvítmafar voru meðal þeirra máfa sem skotnir voru í Grímsey 27. júní 1992 og virtust þeir vera í varpi (GS).

Er við vorum í Grímsey 16. júlí 1993 ásamt ÆP og SB bar nokkuð á hvítmafum, einkum neðan efri brúna á norðanverðri eyinni. Atferli þeirra benti til þess að þeir væru með unga.

Árið 1994 sáuust um 5 hvítmafspör á hreiðrum eða með varpatferli í Grímsey (JÓH). Einnig sáuust stakir fuglar og blönduð pör silfurmafa og hvítmafa.



Í Kaldbakshorni varð fyrst vart við hvítmafa í varpi sumarið 1992. Þá sáuust nokkrir fuglar á hreiðrum á grasivöxnum syllum uppi undir brún sunnanmegin og æstir fuglar á flugi (GS). Sumrin 1993 og 1994 var greinilegt að fuglar voru þarna í varpi en þoka hamlaði frekari athugun bæði árin.

Hvítmáfar hér á landi verpa annars nær eingöngu við Breiðafjörð og á Vestfjörðum (AI 1982) og lítilsháttar á Suðvesturlandi, einkum við Hvalfjörð (KHS o.fl. 1994).

Hvítmáfar eru algengir á athugunarsvæðinu allt árið. Á veturna, vorin og fram á sumar ber mjög mikið á ungfuglum. Hvítmafar eru miklu dreifðari um svæðið en t.d. svartbakar og sækja lítið í sorphauga en meira í fjörur, þ.á m. þarahrannir.

Summary: The Glaucous Gull has recently started to breed in the area. Several dozen pairs breed at Grímsey and Kaldbakur. Breeding at these localities was first recorded in 1991-92, but the colonies were probably founded a few years earlier. The Glaucous Gull is a common year-round resident in the area.

Svarthakur *Larus marinus*



Helsti varpstaður svartbaka á athugunarsvæðinu er í Grímsey. Talið er að þar verpi nú 200-300 pör (IA). Varpið hefur aukist mikið á undanförunum tveimur áratugum, því árið 1973 var talið að 10-20 pör yrpu í eyinni (FG). Í Þorkelsskeri verpa 20-30 pör (IA, BE). Annars staðar við ströndina verpa svartbakar á strjálíngi, þó ekki við sunnanverðan Steingrímsfjörð. Á Selströnd verpa 3-5 pör á víð og dreif flest vor og í eyjunum á Bjarnarfirði reyna fáein pör (2-3) fyrir sér á vorin. Út með Böllum í landi Eyja verpa 10-15 pör dreift um eyjar og sker.

Á fyrri hluta aldarinnar urpu a.m.k. 60 pör í hólum í Urriðavötnum og voru egg og ungar nytjaðir frá Kaldrananesi (GÓ). Árið 1973 voru þar 80 fullorðnir fuglar í varpi (FG, ÓKN), 69 í júlí 1975, 31 í júní 1977, 39 árið eftir og 26 í júní 1986 (ÓKN). Sumarið 1991 sáu 28 fuglar og voru allir nema 7 þeirra skotnir (GS, ÞB). Sumarið 1992 sáu aðeins 2-4 pör við Urriðavötn. Svartbaki virðist því smám saman hafa verið að fækka við Urriðavötn áður en varpinu var nánast eytt sumarið 1991.

Um miðja 19. öld var mikið varp við Bæjarvötn (Gís 1952) og hélt það eitthvað fram á þessa öld (IA). Annars staðar verpa stundum stök pör við ár og stöðuvötn. Hér má nefna Teigsgilsvatn (1955), Goðdal (1973 og 1977; ÓKN), Þiðriksvallavatn (1988) og Lágadal og Steingrímsfjarðarheiði (1994).



Margir telja að svarthakur standi æðarvarpi fyrir þrífum, einkum í Grímsey. Þar var gert átak til að fækka svartbökkum (og öðrum máfum) með skotum 1991 og 1992. Þar er einnig stungið á eggjum (BJG, IA). Í Bjarnarfirði og í Eyjum er steypt undan flestum pörum á vorin.

Varpstofn svartbaka á athugunarsvæðinu er sennilega ekki undir 300 pörum.

Á veturna ber mest á svartbökkum við Hólmavík og Dranganes. Við Hólmavík eru það einkum sorphaugarnir sem laða þá að. Þar töldum við 500-1000 fugla 23. desember 1990 og 595 fugla 30. desember 1991, langmest fullorðna fugla.

Summary: The Great Black-backed Gull breeds in scattered colonies along the coast and odd pairs may nest inland, totalling 300+ pairs. The largest colony is on Grímsey and has increased rapidly in the past decades. Many hundreds remain in winter.

Rita *Rissa tridactyla*





Rita virðist ekki hafa orpið neins staðar á svæðinu árið 1973, skv. upplýsingum heimamanna (FG). Fáein pör urpu í Uxa við Grímsey árið 1977 (IA). Ritur virðast því hafa numið land í Grímsey á árunum 1973-77, fyrst í Uxa, síðan í klettunum gegnt honum (Standi) og loks hafa fáein pör orpið í Krossklettum og Baulubletti á vesturenda eyjarinnar á síðustu árum. Hinn 16. júlí 1993 voru 79 hreiður í Grímsey, 71 á austurenda eyjarinnar og Uxa og 8 í Krossklettum á vesturendanum.

Í maí og júní sjást stundum stórir rituhópar (tugir-hundruð) á flugi allt inn í Steingrímsfjarðarbotn og setjast þá stundum í árórsana.

Á árunum 1953-57 sáu ritur stundum í nágrenni Hólmavíkur í desember og janúar, yfirleitt ungfuglar (JHJ). Ritur komu ekki fram í vetrartalningu á athugunarárunum en um 100 fuglar sáu á flugi innst í Steingrímsfirði 27. desember 1994, eftir tveggja daga norðanáhlaup.

Summary: The Black-legged Kittiwake colonized Grímsey in the mid-1970s; 79 pairs bred in Grímsey in 1993. Dozens or hundreds are seen resting and bathing in Steingrímsfjörður in summer. Kittiwakes are rarely recorded in Steingrímsfjörður in mid-winter.

Kría *Sterna paradisaea*



Kríur eru mjög algengir og útbreiddir varpfuglar með sjávarsíðunni en verpa þó ekki á Bólum, nema lítlisháttar í Eyjum.

Við sunnanverðan Steingrímsfjörð verpa kríur meðfram allri ströndinni og nokkuð upp með Hrófá og Selá. Þéttast er varpið á Smáhamrahálsi (hundruð para) og á svæðinu Húsavík - Tungugröf (hundruð para). Á Selströnd verpa kríur víða í smábyggðum eða sem stök þör. Stærstu vörpin eru við Hellu (hundruð para), við Hafnarhólm (tugir-hundruð para), á Bæjarmelum (tugir-hundruð para) og á Bjarnarnessvæðinu (hundruð para). Varp jókst á þremur síðasttöldu svæðunum eftir að kríuvarp í Grímsey leið undir lok nokkru fyrir 1973 (IA). Í Bjarnarfirði verpa kríur víða, mest í landi Kaldrananess (tugir-hundruð para) og við Ásmundarnes (tugir para). Slæðingur af kríu verpur upp með Bjarnarfjarðará og smábyggð er við Skarð (10-15 þör). Eitthvert varp er í Eyjum og nokkrir tugir para verpa í Kaldbaksvík. Sums staðar verpa fáeinar kríur við fjallavötn, svo sem á Kálfanesfjalli og Bjarnarfjarðarhálsi. Sérkennilegt er lítið kríuvarp (8-10 þör) sem var öll athugunarárin (nema 1994) í hólma í Margrétarvatni á Steingrímsfjarðarheiði, í 407 m hæð. Þar hófst varp aldrei fyrr en fyrstu dagana í júlí.

Árin 1954 og 1955 sáust fyrstu kríurnar við Hólmavík 13. maí, bæði árin. Þeim tók að fækka um miðjan ágúst en sáust þó við og við fram í miðjan september (síðast skráðar 19. september; JHJ). Árið 1993 var talsvert af kríum í Steingrímsfirði 8. maí, og 10. maí var mikið um kríur og m.a. fjöldi fugla í varplandinu á Smáhamrahálsi.

Fyrstu eggin fundust 27. maí, aðalvarptíminn er í fyrri hluta júní en ungar voru að klekjast úr eggjum allt til 10. ágúst.

Mörg kríuvörp, einkum þau minni, eru fremur óstöðug frá ári til árs. Varpárangur er einnig misjafn, t.d. urðu fáir kríuungar fleygir 1992 og 1993 en árið 1994 virtist varpið í heild takast vel.

Sennilega verpa nokkur þúsund kríupör á svæðinu.

Summary: The Arctic Tern is common and widely distributed along the coast, except in the northern part of the study area. A few pairs breed on the barren highland plateau. The major concentrations occur in several large colonies (hundreds of pairs). The total population is probably several thousand pairs.

Álka *Alca torda*




Álka verpur hvergi á svæðinu nema í Grímsey, sennilega örfáir tugir para. Árið 1990 heyrðum við fyrst að svartfugl (ótilgreind tegund) væri nýfarin að verpa í Grímsey (BÁ). Þann 10. júlí 1990 sást eitthvað af álku í urð norðanmegin á eyinni (ÆP). Árið 1992 var álka hugsanlega talin verpa í Stóruð (BjG). Þann 16. júlí 1993 sáum við ásamt ÆP og SB alls 22 fullorðnar álkur á þremur stöðum í urðum norðanmegin á eyinni. Virtust þær verpa innan um lunda og tveir litlir ungar fundust í Stóruð. Lítilsháttar flug var á álkum þarna með urðunum. Vorið 1994 sáust nokkrar álkur sitja í klettunum gegnt Uxa (IA). Þann 25. júní 1994 sáust fáeinir fuglar á sjónum undir Skorarbrún og í berginu upp af (JÓH).

Lítilsháttar álkuvarp virðist því vera nýbyrjað í Grímsey norðanverðri, sennilega helst í Stóruð.

Summary: The Razorbill colonized Grímsey in the late 1980s. A few dozen pairs may breed on the island.

Teista *Cephus grylle*



Útbreiðsla teistu er nú mjög takmörkuð og var mun meiri áður en minkur nam land á svæðinu um 1955. Við Kollafjarðarnes verpa nú 10-12 pör, flest í sama grjótgardinum við Torfvík, og 2-3 pör í Selskeri. Við sunnanverðan Steingrímsfjörð eru nokkur smávörp (5-10 pör hvert) frá Heydalsá að Skeljavík, mest við Kirkjuból en þar verpa um 20 pör í 3 byggðum. Lítið sem ekkert var um teistur þar á árum áður (GrB). Talið er að vel hafi tekist að halda mink frá þessu svæði (GS). Í Sandskeri við Hólmavík urpu 2-3 pör 1984 en ekki síðan. Innar við fjörðinn verpa teistur ekki en nokkur pör urpu til skamms tíma við Helli.



Í Grímsey verpa e.t.v. 10 pör en þar var áður talsvert varp (BjG). Fjórtán hreiður fundust 17. júní 1956, öll í lágum klettum eða urðum við sjó (FG). Líklegt er að a.m.k. nokkrir tugir para hafi þá orpið í eyinni. Mink er kennt um hvarf teistunnar úr urðunum. Fleira getur þó komið til, svo sem fjölgun lunda. Þann 16. júlí 1993 sáum við 6 teistur með æti í Grímsey og flugu þær í holur hátt í klettum.

Við Kaldrananes fannst eitt teistuhreiður undir húspaki. Þar var áður talsvert varp. Sjö hreiður fundust 15. júní 1956, öll í lágum klettum við sjóinn (FG). Þann 16. júní 1973 voru þar engar teistur (FG). Nokkur pör (5-10) verpa í eyjunum á Bjarnarfirði (IJ), í Ámundarneseyjum var einnig lítils háttar varp um aldamótin 1700 (ÁM & PV 1940). Teistur verpa ekki í Eyjum (EPG) og hvergi við Bala en eitt hreiður fannst við sunnanvert Kaldbakshorn 1994 (GS). Engar teistur fundust í Kaldbaksvík.

Teistur verpa í urðarholum og klettaglufum, gjarnan í grjótgörðum, oft innan um rekavið og undir vörubrettum. Teistuvörp eru viðkvæm fyrir minkum og einnig köttum, sem oftast en einu sinni hafa gert usla í teistuvörpum við sunnanverðan Steingrímsfjörð. Varpstofninn er áætlaður 110-120 pör. Teistur eru algengar að vetri til í Steingrímsfirði, bæði fullorðnir fuglar og ungir.

Summary: The Black Guillemot breeds at less than 20 localities, totalling 110-120 pairs, but was more common and widespread before the feral Mink colonized the area in the mid-1950s.

Lundi *Fratercula arctica*



Fimm lundabyggðir eru á athugunarsvæðinu: Selsker við Kollafjarðarnes, Grímsey á Steingrímsfirði, Hrutey á Bjarnarfirði og Strákey og Arfasker við Eyjar. Öll vörpin eru lítil nema varpið í Grímsey, sem er hið langstærsta á svæðinu.

Í Selskerjum byrjaði lundi að verpa í ytri hólmanum um 1950 og hefur fjölgað stöðugt síðan. Árið 1990 var áætlað að þar yrpu um 150 pör (ÆP).

Í Grímsey verpa einhverjir tugir þúsunda para. Aðalvarpið er í urðum, brekkum og á stöllum á norðanverðri eyinni og í brekkum að austan. Árið 1973 var talið að lunda hefði sennilega fjölgað í Grímsey á undanförunum árum (BjG, skv. FG). Þá er talið að lunda hafi stórfjölgað í Grímsey eftir 1982 en um það leyti byrjaði hann að verpa austanmegin á eyinni (IA).

Í Hrutey á Bjarnarfirði hefur löngum verið nokkurt varp (tugir-hundruð para) og fáein pör hafa orpið í nálægum eyjum (IJ).



Að Eyjum var mikið lundavarp í nokkrum eyjum og hólum fram um miðja öldina (a.m.k. þúsundir para). Um og upp úr 1950 tók varpinu að hnigna og er það nú að mestu liðið undir lok (BS). Nokkurt varp (hundruð para) er þó ennþá í Strákey og Arfasker (EÞG).

Mink hefur verið kennt um hnignun lundavarps að Eyjum (BS) en hans varð fyrst vart á þessum slóðum um 1955. Vera má að varp hafi færst til, því á sama tíma og lunda fækkaði að Eyjum virtist honum fjölga í Grímsey og lundi tók að verpa í Selskeri við Kollafjarðarnes.

Lundaveiði virðist lítið hafa verið stunduð í Steingrímsfirði og nágrenni og ekki er kunnugt um kofnatekju, a.m.k. ekki í seinni tíð. Til dæmis er ekki getið um lundaveiði á svæðinu 1911-41 í Fiskiskýrslum og hlunninda (Hagstofa Íslands).

Summary: The Atlantic Puffin breeds in five colonies in the area, all of which are small (dozen or hundred pairs), except Grímsey (several tens of thousand of pairs). Numbers in Bjarnarfjörður and Eyjar have declined considerably, but numbers appear to be increasing on Grímsey.

Þúfutittlingur *Anthus pratensis*



Þúfutittlingur er algengasti mófuglinn á athugunarsvæðinu og verpur í öllum reitum nema einum. Hann er útbreiddur varpfugl frá fjöru til fjalla og upp í 200-300 m hæð í dalahlíðum.



Aðalkjörlendi þúfutittlings virðist vera undirhlíðar þar sem skiptast á lynggróður og graslendi, svo og hrísmóar á flatlendi. Flest hreiður fundust í lyngbörðum með finnungsívaði. Kjörlendi getur þó verið fjölbreytilegt. Hreiður fundust m.a. í klettaskoru við sjó, í þúfukolli í mjög blautum húsflóa og í kafgrasi í túngarði. Í sumum fjalldölum eru þúfutittlingar mjög algengir varpfuglar, t.d. á Vatnadal (160-170 m) og í Farmannsdal (100-150 m). Þúfutittlingar sáust nokkrum sinnum á Steingrímsfjarðarheiði (400-420 m) í júlí, sennilega ungar ættaðir af lægri svæðum eða umferðarfuglar.

Hreiður með eggjum fundust frá 30. maí (2 hreiður með 3 og 6 eggjum) til 10. júlí (4 egg) og nýfleygir ungar sáust frá 28. júní til 26. júlí.

Mjög mikið ber á þúfutittlingum í fyrri hluta ágúst og fara þeir þá oft um í smáhópum. Undir lok ágúst fer þeim að fækka þótt fuglar sjáist fram undir miðjan september og jafnvel lengur.

Summary: The Meadow Pipit is the most common upland species in the area, breeding in all but one of the squares, from sea-level to the 300 m contour in the valleys.

Maríuerla *Motacilla alba*



Maríuerla er fremur fálíðuð og fannst í 9 reitum (64%) á láglendi. Varp hennar er að mestu bundið við sjávarsíðuna og verpur hún gjarnan á húsum og öðrum mannvirkjum. Maríuerla verpur við flesta bæi við ströndina, hvort sem þeir eru í eyði eða ekki ef hentug mannvirki standa uppi. Einnig verpa maríuerlur sums staðar í giljum og sjávaklettum, m.a. í Grímsey.

Maríuerlur verpa mjög strjált inn til landsins, þó ekki í Miðdal, þrátt fyrir byggð, en urpu áður að Klúku (GS). Maríuerlur verpa hvorki í Amkötludal né Þiðriksvalladal ennda standa þar engin hús lengur. Þær urpu hins vegar í hreiðurhúsi á sumarbústað innst í Staðardal og í árgljúfri í Farmannsdal. Í Selárdal urpu þær í húsi á eyðibýlinu Gilsstöðum og í hreiðurhúsi á Geirmundarstöðum. Maríuerlur urpu hvorki í Sunndal né Goðdal, þrátt fyrir að sumarhús séu á báðum stöðunum. Í Bjarnarfirði verpa maríuerlur í tengslum við byggðina inn að eyðibýlinu Skarði.

Á 18 km strandlengju við sunnanverðan Steingrímsfjörð fundust 14 varppör, flest við bæi en nokkur í sjávaklettum (0,7 pör að meðaltali á hvern km).


Á fjórum varpstöðum reyndist upphaf varptíma vera: 22. maí, 31. maí, 1. júní og 3. júní. Nýfleygir ungar sáust 20. júní og bendir það til þess að varp hafi byrjað um 17. maí.

Minna virðist um maríuerlu nú en á árunum 1953-57 (JHJ). Til dæmis eru margir fyrrum varpstaðir við Hólmavík aflagðir. Ýmsir vinsælir varpstaðir, svo sem trébryggjur og brýr, eru að mestu horfnir en í staðinn komin stálþil, járnræsi og nýtísku brýr. Varpstaðir á mannvirkjum eru flestir í gömlum útihúsum eða eyðibæjum. Á nýjum húsum hafa sums staðar verið sett upp hreiðurhús með tilætluðum árangri.

Á árunum 1953-57 komu maríuerlur til Hólmavíkur síðustu dagana í apríl, fyrst 24. apríl. Þeim fækkaði aftur undir lok ágúst þótt stöku fuglar hafi sést til 21. september (JHJ).

Summary: The White Wagtail is rather uncommon in the area, mostly breeding near the coast. Numbers appear to have declined since the mid-1950s.

Músarrindill *Troglodytes troglodytes*



Músarrindill er afar sjaldgæfur á athugunarsvæðinu og aðeins er kunnugt um eitt varptilfelli.

Kjörlendi músarrindils er birkiskógar eða kjarr, einkum í nágrenni við rennandi vatn. Á athugunarsvæðinu er slík skilyrði helst að finna í Bjarnarfirði en þar fannst músarrindill hins vegar ekki á athugunarárunum.



Eini kunni varpstaðurinn á athugunartímanum fannst 1. júlí 1994 í Þverárgljúfri í Staðardal, á mótum Hólasunnalds og Farmannsdals. Þar er talsvert um birkilræslur í gilbrúnum og á syllum. Hreiðrið var undir birkirunna á klettadragi í miðjum giljamótunum. Ekki varð komist að því en parið sást bera æti í ungana.

Sumarið 1986 sáu stakir syngjandi fuglar í Þjóðbrókargili í Selárdal og í gili neðst í Staðar-Norðdal (ÓKN). Við sáu enga fugla á fyrrnefnda staðnum sumarið 1994 né á þeim síðarnefnda sem við skoðuðum þó alloft.

Á vetrum sjást músarrindlar (1-2 fuglar) stöku sinnum við volgrur í Bjarnarfirði (ÓI).

Summary: The Winter Wren is very rare, with only one confirmed breeding record (in 1994). In 1986 singing males were recorded at two additional localities. Odd birds are seen infrequently at some hot springs in Bjarnarfjörður in winter.

Steindepill *Oenanthe oenanthe*



Steindepill er útbreiddur varpfugl um athugunarsvæðið, verpur frekar strjált og fannst í 10 reitum af 14. Kjörlendi steindepla er grjóturðir undir klettahjöllum og þá helst grónar urðir og skriðujaðrar í hlíðum. Einnig fundust hreiður í klettasprungum, grjótgörðum og eitt sinn í vörðu. Steindepill er algengastur á láglandi, þ.e. undir 200 m. Hann verpur þó hvergi í sjávarkömbum, sjávarklettum eða urðum við fjörur. Á Gálmaströnd, við sunnanverðan Bjarnarfjörð, og á Bølum verpa steindeplar í urðum undir fornum sjávarklettum skammt frá sjó og sækja talsvert í panghrannir í fjörum eftir æti.

Þar sem heppilegt kjörlendi er í fjallahlíðum verpa steindeplar sums staðar upp undir 300 m, t.d. í Þiðriksvalladal og Staðar-Norðdal. Á sunnanverðri Trékyllisheiði hélt karlfugl sig við vörðu í um 300 m h.y.s. en hreiður fannst ekki.


Erfitt er að komast að hreiðrum steindepla til þess að athuga varphætti. Nýfleygir ungar sáust frá 6. júlí til 1. september en flestir ungar virtust verða fleygir um miðjan júlí. Aðalvarptíminn virðist vera um miðjan júní, fyrstu eggjum var orpið um 5. júní en varp virðist geta dregist allt til 1. ágúst (tvívarp?).

Mínna virtist vera um steindepla á athugunarárum okkar en 1953-57 (JHJ). Margir þekktir varpstaðir í nágrenni Hólmavíkur eru nú aflagðir, t.d. í Kálfnaborgum, Höfða og Skeljavík. Aukin byggð og umferð kann að valda þar nokkru um.

Á árunum 1953-57 komu steindeplar um mánaðamót apríl-maí (fyrsta athugun 22. apríl). Þeir fóru að tínast burtu um miðjan ágúst og jafnvel í annarri viku ágúst en stöku fuglar sáust allt til 15. september (JHJ). Steindeplar eru langförlur farfuglar og hafa vetursetu í Vestur-Afríku, frá Senegal suður til Sierra Leone (KHS 1982).

Summary: The Northern Wheatear is rather scarce but widely distributed in the lowlands (below 200 m a.s.l.) and may breed up to 300 m a.s.l. on some of the valley slopes. Numbers appear to have declined since the mid-1950s.

Skógarpröstur *Turdus iliacus*



Skógarpröstur er mjög algengur og útbreiddur varpfugl um allt láglendi á svæðinu. Hann fannst í öllum reitum nema tveimur, Þorskafjarðarheiði og Grímsey. Skógarprestir veipa frá ströndinni og um allt láglendi að 100-200 m hæð í hlífðum. Þeir eru algengir í öllum dölum og afdölum sem skerast inn í hálendið, t.d. Farmannsdal, Goðdal, Asparvíkurdal og Kaldbaksdal.

Minnst er um skógarpresti á grösugu og votlendu undirlendi, svo sem við sunnanverðan Steingrímsfjörð og í Bjarnarnesvotlendinu. Þéttast virðist varpið vera í Staðardal, Selárdal og Bjarnarfirði. Hreiður eru oftast á jörðu niðri, í urðarholum, hleðslum, grasbörðum eða jafnvel á sléttri grund undir sinutoppi. Þá er algengt að skógarprestir verpi á byggingum, í gömlum bíflökum og jafnvel bílum og vinnuvélum sem eru í notkun. Varp skógarprasta á mannvirkjum virðist vera fremur nýlegt háttalag og var ekki skráð 1953-57 (JHJ). Nú virðist vera miklu meira um þresti en á árum áður og eru flestir heimamenn sammála um það.


Varp hefst um 19. maí, fuglar voru að verpa allt til 2. júlí og tvívarp virðist algengt. Venjulega ber mikið á nýfleygum ungum upp úr 20. júní.

Á svæðinu gætu orpið um 1000 þör skógarprasta.

Skógarprestir eru farfuglar og koma fugla fyrstir á vorin, í fyrri hluta apríl, t.d. sást einn 2. apríl 1954 (JHJ). Þá ber mikið á þeim við þorp og bæi og einnig í fjörum þar sem þeir róta í þarabruki. Á fartímanum á haustin eru þeir afar algengir í byggð í september og fram í október og hafa sést allt til jóla (JHJ). Vetrarstöðvar íslenskra skógarprasta eru í V-Evrópu, frá Bretlandseyjum suður á Pýreneaskaga (KHS 1982).

Summary: The Redwing breeds commonly throughout the lowlands (below 200 m a.s.l.) and in all but two of the squares. Numbers have increased considerably since the 1950s.

Hrafn *Corvus corax*



Hrafn er einn af útbreiddustu fuglunum á athugunarsvæðinu og var skráður í öllum reitum nema einum (Þorskafjarðarheiði). Vitað er um 41 varpstað (hrafnasetur). Orpið var með vissu á 20 þeirra á athugunarárunum en 24 eftalið er frá 1985. Eflaust hefur verið orpið á fleiri setrum á tímabilinu því aðeins fá þeirra voru heimsótt árlega og sum ekki nema einu sinni.

Við teljum að tæplega hafi fleiri en 30-40% setra verið í ábúð hverju sinni og er það mun lægra en í öðrum landshlutum (sbr. KHS o.fl. 1990). Fjöldi varppara á svæðinu var því áætlaður 12-15.



Hrafnasetrin eru misdreifð um athugunarsvæðið, flest eru í námunda við ströndina og aðeins 5 eru í meira en 5 km fjarlægð frá sjó. Þéttast er varpið við sunnanverðan Steingrímsfjörð og inn af Bjarnarfirði að norðan. Hrafnasetur vantar nær alveg við norðanverðan Steingrímsfjörð og aðeins er vitað um þrjú setur á svæðinu frá ósi Bjarnarfjarðarar norður að Kaldbak.

Landshættir og fæðuframboð ráða væntanlega þéttleika hrafnasetra (sbr. KHS o.fl. 1992). Við sunnanverðan Steingrímsfjörð hafa hrafnasetur línulega útbreiðslu með ströndinni og þar var meðalfjarlægð milli setra 1,9 km. Við innanverðan fjörðinn, þar sem gnægð er góðra varpstaða, var meðalfjarlægð milli 8 setra 2,5 km. Í Þiðriksvalladal voru 3 setur á 2 km kafla (1 km milli setra). Þar er fátt um góða varpstaði í grenndinni en stutt til Hólmavíkur.

Á veturna halda 50-60 hrafnar (geldfuglar?) sig við sorphauga Hólmavíkur (talið í desember 1990 og 1991) en stök þör sáust þá á víð og dreif um svæðið. Það munu einkum vera geldfuglar sem halda sig í hópum og náttu sig saman á ákveðnum stöðum. Flest varppörin halda sig sennilega á setri sínu eða í námunda við það allan ársins hring og náttu sig þar (sbr. KHS o.fl. 1990).

Summary: About 41 Common Raven territories are known throughout the study area. With an estimated mean annual occupancy rate of 30-40%, 12-15 pairs may nest annually.

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*



Snjótittlingur er útbreiddasti varpfuglinn á athugunarsvæðinu og verpur í öllum reitum. Hann er algengur víðast hvar, verpur sums staðar niðri við sjó og allt upp á háheiðar. Varpkjörlandi er einkum urðir undir kletthajöllum, einnig klettaglufur, og á Steingrímsfjarðarheiði verpa snjótittlingar í urðarholum á flatlandi.

Snjótittlingar eru misdreifðir um athugunarsvæðið og sjaldgæfastir á vel grónu láglandi. Við ströndina eru þeir algengir varpfuglar undir fornum sjávarhömrum við Hvalsárhöfða og á Gálmaströnd. Þeir eru algengir í Grímsey og við sunnanverðan Bjarnarfjörð og afar algengir á Bølum. Á þessum slóðum sækja þeir mjög í fjörur eftir æti. Inn til landsins eru þeir hvarvetna sem kjörlandi er, þeir eru t.d. mjög algengir varpfuglar á Steingrímsfjarðarheiði.

Á láglandi virðist varp hefjast um miðjan maí og stendur fram í júlí. Fuglar sáust mata unga í hreiðrum til 25. júlí. Skammt frá sjó byrjaði varp 12. maí, 6 ungar klöktust úr því hreiðri og 6 egg vora síðan í sama hreiðri 6. júlí. Á Steingrímsfjarðarheiði (í um 450 m hæð) fannst fullbúið en eggjalaust hreiður 29. maí. Hreiðrið var undir steinhellu á klapparbungu sem stóð upp úr víðáttumikilli fannbreiðu.

Við giskum á að 2000-3000 pör snjótittlinga verpi á svæðinu.

Á vetuma ber mismikið á snjótittlingum. Stundum hópast þeir að þéttbýli og bæjum þar sem þeim er gefið en annars ber oft lítið á þeim. Í vetrartalningu sáust eitt sinn 1100 fuglar (flestir í sama hópnum) en sum árin fáir eða engir.

Snjótittlingar eru líklega að mestu staðfuglar hér á landi en flakka sennilega mikið um innanlands á vetrum. Þá fara grænleniskir snjótittlingar hér um vor og haust (KHS 1982).

Summary: The Snow Bunting is rather common in suitable habitat and widely distributed from sea-level to the highland plateau. It is the only species recorded breeding in all of the 14 squares. Hundreds or even thousands are seen in winter.

HEIMILDIR - REFERENCES

- Agnar Ingólfsson 1975. Lífríki fjörunnar. Votlendi. - Rit Landverndar 4: 61-99.
- Agnar Ingólfsson 1982. Máfar, kjóar og skúmar. Fuglar. - Rit Landverndar 8: 61-76.
- Arnold, E.L. & P.L.R. MacLaren 1939. Unpublished ornithological notes of a Cambridge N.W. Iceland expedition, June to August 1939. - Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands, 9 bls.
- Arnór Þ. Sigfússon 1992. Athugun á fuglalífi á Ströndum vegna grútarmengunar. - Fréttabréf Veiðistjóra 10: 3-13.
- Arnór Þ. Sigfússon 1996. Varpstofn sílamáfa. - Bliki, í undirbúningi.
- Arnþór Garðarsson 1979. Skarfatal 1975. - Náttúrufræðingurinn 49: 126-154.
- Arnþór Garðarsson 1982a. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. - Fuglar. Rit Landverndar 8: 77-116.
- Arnþór Garðarsson 1982b. Rjúpa. - Fuglar. Rit Landverndar 8: 149-164.
- Árni Waag Hjálmarsson 1982. Vaðfuglar. - Fuglar. Rit Landverndar 8: 117-148.
- Árni Magnússon & Páll Vídalín 1940. Jarðabók, 7. bindi. - Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. 487 bls.
- Crick, H.Q.P. 1993. Trends in breeding success of merlins (*Falco columbarius*) in Britain from 1937-1989. Bls. 30-38 í: M.K. Nicholls & R. Clarke (ritstj.): Biology and conservation of small falcons. - The Hawk and Owl Trust, London.
- Finnur Guðmundsson 1951. The effects of the recent climatic changes on the bird life of Iceland. - Proc. Int. Orn. Congr. 10: 502-514.
- Finnur Guðmundsson 1964. Íslenskir varpfuglar. - Bls. 367-382 í: Fuglar Íslands og Evrópu. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Finnur Guðmundsson 1967. Haförninn. - Bls. 95-134 í: Haförninn eftir Birgi Kjaran. Bókfellsútgáfan, Reykjavík.
- Finnur Guðmundsson. Óbirtar dagbækur 1956 (m.a. hreiðurbók) og 1973. - Varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Fisher, J. 1952. The Fulmar. - Collins, London. 496 bls.
- Gísli Sigurðsson 1952. Lýsing Kaldrananeskirkjusóknar í Strandasýslu [skrifuð 1847]. - Bls. 254-259 í: Sóknalýsingar Vestfjarða. 2. bindi. Samband vestfirskra áttahagafélaga, Reykjavík.
- Hagstofa Íslands. Fiskiskýrslur og hlunninda 1912-41; Búnaðarskýrslur 1945-67. - Hagskýrslur Íslands. Reykjavík.
- Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson & Svanur Pálsson 1989. Stöðuvötn á Íslandi. Skrá yfir vötn stærri en 0,1 km². - Orkustofnun. OS-89004/VOD-02, Reykjavík. 48 bls. + kort.
- Hørring, R. Dagbækur úr Íslandsferðum 1905-08. Varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Spörfuglar. Fuglar - Rit Landverndar 8: 181-207.
- Kristinn H. Skarphéðinsson 1994. Tjón af völdum ama í æðarvörpum. - Umhverfisráðuneytið. 120 bls.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi: könnun 1987-92. - Fjöfjölrit Náttúrufræðistofnunar 25. 126 bls.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn Þórisson & Ib Krag Petersen 1992. Varpútbreiðsla og fjöldi hrafna á Íslandi. - Bliki 11: 1-26.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn Þórisson, Sverrir Thorstensen & Stanley A. Temple 1990. Breeding biology, movements, and persecution of Ravens in Iceland. - Acta Naturalia Islandica 33. 45 bls.

- Mohr, N. 1786. Forsøg til en islandsk Naturhistorie, med adskillige oekonomiske samt andre Anmærkninger. - Christian Friderik Holm, Kjøbenhavn. xvi + 413 bls.
- Ólafur K. Nielsen 1986. Population ecology of the Gyrfalcon in Iceland with comparative notes on the Merlin and the Raven. - Doktorsritgerð við Cornellháskóla. xvi + 215 bls.
- Ólafur K. Nielsen 1990. Kynþroskaaldur og áttahagatryggð fálka. - Náttúrufræðingurinn 60: 135-143.
- Ólafur K. Nielsen 1993. Upphaf óðalsatferlis rjúpu á vorin. Náttúrufræðingurinn 63: 29-37.
- Ólafur Karl Nielsen 1996. Rjúpnatalningar á Norðausturlandi 1981 til 1994. Náttúrufræðingurinn, í undirbúningi.
- Sigurður Stefánsson. 1917. Æðarvarp á Íslandi að fornu og nýju. Búnaðarritið 31: 1-61.
- Sørensen, S. & D. Bloch 1991. Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum í Norður-Atlantshafi. Erling Ólafsson þýddi. - Skjaldborg, Reykjavík. 276 bls.
- Väisänen, R.A. 1989. Renewal of methodology in the second bird atlas of Finland, 1986-89. - Ann. Zool. Fennici 26: 167-172.
- Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. - Fuglar. Rit Landverndar 8: 15-60.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1988. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 18. 38 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1989. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 23. 43 bls.

ENGLISH SUMMARY

Atlas of breeding birds in Steingrímsfjörður and vicinity, NW-Iceland: a survey 1987-1994.

by: Jón Hallur Jóhannsson
Björk Guðjónsdóttir

This breeding bird atlas covers fourteen 10x10 km squares in northwestern Iceland and a total of 1,080 km². The study area includes two fjords, Steingrímsfjörður and Bjarnarfjörður with adjacent inland areas to the west (Figs 1 and 2).

Collection, analysis, and presentation of the results are based on standard methods with slight modifications (cf. Skarphéðinsson *et al.* 1994). Coverage quality of squares is shown in Fig. 3 and App. 2 and the condensed data are given in App. 5, 7, and 8. For each species, we present a one-page account with a distribution map, a review of the present and past distribution, population status if known, and an English summary. Dots on the distribution maps refer to confirmed (large dots), probable (medium), possible (small), and former breeding (before 1987; unfilled circles), respectively.

Forty-eight species have bred in the study area (App. 4). During the atlas period (1987-94) 47 species were found breeding. These totals include 44 species that bred annually, four irregular breeders and one former breeding species (the White-tailed Sea Eagle). This compares with 95-100 species that have bred in Iceland, 70 of which breed annually.

The number of confirmed or probable breeding species in each square (breeding codes 1 and 2) ranged from 8 to 35 with 21-35 species in 70% of the squares (Fig. 4). Nine species breed in all but one or two of the 14 squares: the Rock Ptarmigan, European Golden Plover, Purple Sandpiper, Whimbrel, Common Snipe, Common Redshank, Meadow Pipit, Common Raven, and Snow Bunting. The following species have wide distribution, missing in 3 or 4 of the squares: Arctic Skua, Arctic Tern, White Wagtail and Redwing. Several species have wide coastal distribution: the Common Eider, Eurasian Oystercatcher, Ringed Plover, and Great Black-backed Gull.

The following species breed in many of the wetlands: Whooper Swan, Greylag Goose, Common Teal, and Dunlin. A few species breed almost exclusively in the seabird colonies on Grímsey and in the outer fjords: the European Shag, Lesser Black-backed Gull, Herring Gull, Glaucous Gull, Black-legged Kittiwake, and Razorbill.

The Eurasian Wigeon and Winter Wren have a very localized distribution and the number of the Merlin appears to have decreased since the mid-1900s. On the other hand, 12 species have colonized the area since the mid 1950s. These include the Northern Fulmar, European Shag, Greylag Goose, Greater Scaup, Black-tailed Godwit, Black-headed Gull, Herring Gull, Lesser Black-backed Gull, Glaucous Gull, and Razorbill.

Roughly estimated, 55,000 - 90,000 pairs of birds breed in the area (Fig. 5, App. 4), of which approx. 70% are colonial seabirds. The Meadow Pipit and Golden Plover have the largest populations of the upland species.

1. viðauki Landsvæði, skoðunartíðni í reitum og gæðamat á hverjum reitir voru kannaðir (stöðuflokkar 1-5). - *App. 1. Square terrestrial surface area, observational effort, and the level of coverage for each square.*

Reitur Square	Svæði Region	Landsvæði (km ²) Area (km ²)	Fjöldi heimsóknna Number of visits	Stöðuflokkur (1-5) Coverage level (1-5)
3540	Steingrímsfjarðarheiði - Lágidalur	100	20+	4
3541	Þorskafjarðarheiði	100	20+	4
3640	Kirkjutungufjall	100	2	3
3641	Staðardalur	100	20+	5
3740	Selárdalur	100	10+	4
3741	Steingrímsfjarðarbotn	82	20+	5
3742	Skeljavík - Tröllatunga	92	20+	5
3743	Tröllatunguheiði	100	5	3
3840	Goðdalur - Hólsfjall	100	5	3
3841	Bjarnarfjörður - Bjarnarfjarðarháls	93	10+	4
3842	Gálmaströnd	44	20+	5
3940	Kaldbaksvík - Balar	52	5	4
3941	Bjarnarnes	15	10	4
3942	Grínsey	2	2	4

Stöðuflokkar (KHS o.fl. 1994, sbr. Väisänen 1989). - *Coverage quality of squares (from Kristinn H. Skarphéðinsson et al. 1994, cf. Väisänen 1989).*

- Strjálur athuganir/ Sporadic observations:**
 - aðeins tilviljanakenndar heimsóknir í reitinn.
- Lítt kannaður reitur/ Fair survey of the square:**
 - algengustu varpkjörlendi hafa verið könnuð með tilliti til varpfugla en aðeins í hluta reitsins.
 - sum mikilvæg varpsvæði (t.d. votlendi) hafa verið athuguð.
- Sæmilega kannaður reitur/ Satisfactory survey of the square:**
 - helstu flokkar kjörlenda kannaðir á nokkrum stöðum í reitnum.
 - sum góð varpsvæði (votlendi, eyjar, kjarrlendi o.s.frv.) heimsótt a.m.k. einu sinni á varptíma.
 - nokkrar nýjar varptegundir munu sennilega finnast við nánari athugun.
- Vel kannaður reitur/ Well-surveyed square:**
 - öll varpkjörlendi og allir góðir varpstaðir athugaðir reglulega og athuganir ná yfir a.m.k. hálfan reitinn.
 - einhverjar varptegundir gætu hafa farið framhjá athugendum.
 - frekari athuganir mundu hækka varpstig (sjá 2. töflu) og bæta mat á hversu algeng tegundin er í reitnum.
- Ítarlega kannaður reitur/ Thoroughly surveyed square:**
 - öll varpkjörlendi og helstu varpsvæði athuguð og athuganir ná yfir nær allan reitinn.
 - ólíklegt að finna nýjar tegundir sem verpa reglulega.
 - erfitt er að hækka varpstig og bæta mat á algengi tegunda.

2. viðauki. Heimildarmenn og skammstafanir í tegundatali. - App. 2.
Informants and abbreviations used in the species accounts.

AG	Arnþór Garðarsson, dýrafræðingur, Reykjavík
AI	Agnar Ingólfsson, dýrafræðingur, Reykjavík
APS	Arnórb. Sigfússon, dýrafræðingur, Reykjavík
ÁM	Árni Magnússon, handritasafnari, Kaupmannadúfin
ÁWH	Árni Waag Hjalmarsson, kennari, Kópavoggi
BÁ	Björn Árnason, sjómaður, Höfnavík
BE	Bjarni Blásson, sjómaður, Mýrarn
BG	Björk Guðjónsdóttir, hjúkrunafræðingur, Reykjavík
BJG	Bjarni Guðmundsson, bóndi, Bæll
BS	Benjamín Sigurðsson, sjómaður frá Eyjum
EPG	Einar Þór Guðmundsson, sjómaður frá Eyjum
FG	Finnur Guðmundsson, náttúrufræðingur, Reykjavík
FH	Friðgeir Hóskuldsson, skipstjóri, Drangasesti
GB	Guðmundur Björnsson, bifstjóri, Höfnavík
GH	Gaukur Hjarnason, verkfræðingur, Húsavík
GÓ	Gunnlaugur Óskarsson, rafverktæki, Reykjavík
GrB	Grímur Benediktsson, bóndi og hreppstjóri, Kirkjuból
GS	Guðbrandur Sveinsson, bóndi, Bessastöðum
GiS	Gísli Sigurðsson, prestur í Kaldrananesókn um miðja 19. öld
HBE	Hóskuldur B. Eðlingsson, lögregluumaður, Höfnavík
HDP	Hjörtur Þór Þórsson, bóndi, Gæimundarskóðum
Herring	Richard Herring, danskur fuglafræðingur
IA	Ingólfur Andrésson, bóndi og hreppstjóri, Bæ I
II	Ingimundur Ingimundarson, bóndi, Svanshóli
IJ	Ingimar Jónsson, bóndi, Kaldrananesi
ÍM	Ívar Magnússon, sumarbústaðareigandi, Kleifum í Kaldbaksvík
JBH	Jón Baldur Hildberg, kennari, Reykjavík
JHJ	Jón Hallur Jóhannsson, kennari, Reykjavík
JÓH	Jóhann Óli Hilmansson, fréttaritari, Reykjavík
JSG	Jóhann Salberg Guðmundsson, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík
KHS	Kristinn H. Skarphéðinsson, líffræðingur, Reykjavík
MB	Magnús Bragason, bóndi, Ytra-Ósi
MG	Magnús Gunnlaugsson, bóndi, Ytra-Ósi
ML	Matthías Lýðsson, bóndi, Húsavík
Mohr	Nikolaj Mohr, færeyskur náttúrufræðingur
ÓI	Ólafur Ingimundarson, bóndi og smiður, Svanshóli
ÓKN	Ólafur Karl Nielsen, líffræðingur, Reykjavík
PL	Páll Leifsson, veiðimaður, Eskifirði
PV	Páll Vídalín, lögmáður í Víðidalstunga
RJ	Ragnar Jónundsson, bóndi, Hellu
SB	Sölveig Bergs, kennari, Reykjavík
SæB	Sævar Benediktsson, linnamaður, Höfnavík
SHJ	Sigurður Helgi Jóhannsson, aðalbókari, Reykjavík
SIL	Sveinn Ingi Lýðsson, lögregluvarðstjóri, Stykkishólmi
SS	Sigurður Stefánsson, prestur í Vigur
PB	Þorvaldur Björnsson, fulltrúi Veiðistjóra, Reykjavík
ÆP	Ævar Petersen, dýrafræðingur, Reykjavík

3. viðauki. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni og áætluð stofnstærð um 1990. - App. 3. *Breeding birds in Steingrímsfjörður and vicinity, NW-Iceland and population sizes ca. 1990.*

Tegund Species	Staða* Status*	Útbreiðsla Distribution	Breytingar Changes	Pör Number of pairs
Lómur	V	2		(10-20)
Himbrími	V	1		5-10
Fýll	V	2	+	(2000-4000)
Toppskarfur	V	1	+	8
Álf	V	2		≈15
Heiðagæs	V/F	1	+	<10
Grágæs	V	2	+	(100-200)
Rauðhöfðaönd	V/F	1		<10
Urtönd	V	2	(+)	(40-80)
Stökkönd	V	3	(+)	(300-500)
Duggönd	V/F	1	+	2
Æðarfugl	V	2		(5000-6000)
Straumönd	V	1		15-30
Hávella	V	1		20-30
Toppönd	V	2		(≈100)
Gulönd	V	1		4-6
Haförn	G	1	-	0
Smyrill	V	1		6-7
Fálki	V	1		5-10
Rjúpa	V	3		[500-1000]
Tjaldur	V	2		110
Sandlóa	V	2		100-150
Heiðlúa	V	3		[2000-4000]
Sendlingur	V	3		[500-1000]
Lóupræll	V	2		[200-400]
Hrossagaukur	V	3		[500-1000]
Jaðrakan	V	1	+	15
Spói	V	3		[500-1000]
Stelkur	V	2		[1000+]
Óðinshani	V	1		(10-20)
Kjói	V	3		(10-20)
Hettumáfur	V	2	+	(100-200)
Sflamáfur	V	1	+	30-50
Silfurmafur	V	1	+	10-20
Hvítmáfur	V	1	+	20-40
Svarfbakur	V	3		(≈300)
Rita	V	1	+	80
Kría	V	2		[3000-4000]
Álka	V	1	+	<20
Teista	V	1	-	(110-120)
Lundi	V	2		30000-50000
Púfuttillingur	V	3		[5000-10000]
Maríuerla	V	2	(=)	[<100]
Músanindill	F	1		1
Steindepill	V	2	(=)	[300-500]
Skógarþröstur	V	2	+	[1000+]
Hrafn	V	3		(12-15)
Snjóttillingur	V	3		[2000-3000]

3. viðauki. Framhald... - App. 3, cont...

- * V = Reglulegur varpfugl. - *Regular breeding species.*
- F = Verpur öðru hverju (mest flækingsfuglar). - *Occasional breeder (mostly vagrants).*
- G = Hættur að verpa. - *Former breeding species.*
- 1 = Staðbundin útbreiðsla. - *Local distribution.*
- 2 = Verpur yfirleitt þar sem kjörlandi er að finna. - *Breeds in all suitable habitats.*
- 3 = Mjög útbreiddur. - *Wide distribution.*
- + = Fjölgað og/eða breiðst út. - *Increased in numbers and/or expanded in distribution.*
- = Fækkað/útbreiðsla dregist saman. - *Decreased in numbers and/or in distribution.*
- () = Mat sem byggt er að hluta til á talningum. - *Estimate, based in part on censuses.*
- |] = Gróft mat eða ágiskun. - *Rough estimate or a guess.*

4. viðauki. Fjöldi og hlutfall reita eftir matassignum fyrir hverja tegund. - App. 44.
Summary of breeding categories by species.

Tegund Species	Fjöldi reita eftir stigum Num. of squares by categories				Hlutfall reita % of squares				Hlutfall stiga % of categories	
	1	2	3	1+2+3	1	2	3	1+2+3	1	1+2
Lómur	7	0	0	7	50	0	0	50	100	100
Himbrími	6	0	0	6	43	0	0	43	100	100
Fýll	4	0	0	4	29	0	0	29	100	100
Toppskarfur	2	0	0	2	14	0	0	14	100	100
Álf	10	0	1	11	71	0	7	79	91	91
Heiðagæs	1	0	0	1	7	0	0	7	100	100
Grágæs	11	0	0	11	79	0	0	79	100	100
Rauðhöfði	1	0	1	2	7	0	7	14	50	50
Urtönd	6	0	3	9	43	0	21	64	67	67
Stökkönd	9	0	2	11	64	0	14	79	82	82
Duggönd	2	0	0	2	14	0	0	14	100	100
Æður	7	0	0	7	50	0	0	50	100	100
Straumönd	3	0	4	7	21	0	29	50	43	43
Hávella	5	1	2	8	36	7	14	57	63	75
Toppönd	5	0	4	9	36	0	29	64	56	56
Gulönd	4	1	1	6	29	7	7	43	67	83
Haförn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Smyrill	7	0	0	7	50	0	0	50	100	100
Fálki	11	0	0	11	79	0	0	79	100	100
Rjúpa	12	0	1	13	86	0	7	93	92	92
Tjaldur	7	0	0	7	50	0	0	50	100	100
Sandlóa	8	0	0	8	57	0	0	57	100	100
Heiðlóa	12	1	0	13	86	7	0	93	92	100
Sendlingur	10	3	0	13	71	21	0	93	77	100
Lóupræll	3	5	2	10	21	36	14	71	30	80
Hrossagaukur	12	0	1	13	86	0	7	93	92	92
Jaðrakan	5	0	1	6	36	0	7	43	83	83
Spói	10	0	0	10	71	0	0	71	100	100
Stelkur	11	1	0	12	79	7	0	86	92	100
Óðinshani	4	2	0	6	29	14	0	43	67	100
Kjói	8	2	1	11	57	14	7	79	73	91
Hettumáfur	5	0	0	5	36	0	0	36	100	100
Sílamáfur	2	0	0	2	14	0	0	14	100	100
Silfurháfur	1	0	0	1	7	0	0	7	100	100
Hvítumáfur	2	0	0	2	14	0	0	14	100	100
Svartbakur	8	0	0	8	57	0	0	57	100	100
Rita	1	0	0	1	7	0	0	7	100	100
Krífa	8	0	0	8	57	0	0	57	100	100
Álka	1	0	0	1	7	0	0	7	100	100
Teista	6	0	0	6	43	0	0	43	100	100
Lundi	4	0	0	4	29	0	0	29	100	100
Þúfuttlingur	13	0	1	14	93	0	7	100	93	93
Marfuera	9	0	0	9	64	0	0	64	100	100
Músarrindill	1	0	1	2	7	0	7	14	50	50
Steindepiil	10	0	1	11	71	0	7	79	91	91
Skógarpröstur	11	1	0	12	79	7	0	86	92	100
Hrafn	13	0	0	13	93	0	0	93	100	100
Snjóttlingur	14	0	0	14	100	0	0	100	100	100

5. viðauki. Staða tegunda í hverjum reit 1987-94. Símu tákni eru notað og við mat á varpstigi (sbr. 2. töflu). - *Breeding categories for each species in 1987-94 by squares (cf. Table 2).*

Tegund - Species	3540	3541	3640	3641	3740	3741	3742	3743	3840	3841	3842	3940	3941	3942
Lómur	-	1	-	-	1	1	1	-	1	1	-	-	1	-
Himbrimi	1	-	-	-	-	1	1	1	1	1	-	-	-	-
Fýll	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	1	1	1
Toppskarfur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	1
Álf	1	1	3	1	1	1	1	1	1	1	-	1	-	-
Heiðagæs	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	-	-	-
Grágæs	1	-	-	-	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Rauðhöfði	-	-	-	-	1	-	3	-	-	-	-	-	-	-
Urtönd	-	-	-	1	1	1	1	3	3	1	1	-	3	-
Stökkönd	3	-	-	1	1	1	1	3	1	1	1	1	1	-
Duggönd	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	-	-	1	-
Æður	-	-	-	-	-	1	1	-	-	1	1	1	1	1
Straumönd	-	-	-	3	1	3	1	-	3	3	-	1	-	-
Hávella	1	2	3	-	1	1	1	3	-	1	-	-	-	-
Toppönd	-	-	-	3	3	1	1	-	1	1	1	3	3	-
Gulönd	-	-	-	1	1	1	-	1	2	-	-	3	-	-
Haðörn	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Smyrill	-	-	-	-	-	1	1	1	1	1	1	-	1	-
Fálki	-	-	1	1	1	1	1	-	1	1	1	1	1	1
Rjúpa	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	3	1	1	-
Tjaldur	-	-	-	-	-	1	1	-	-	1	1	1	1	1
Sandlóa	-	-	-	1	1	1	1	-	-	1	1	1	1	-
Heiðlóa	1	1	2	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	-
Sendlingur	1	1	1	1	1	1	1	2	2	1	1	2	1	-
Lóupræll	-	2	3	2	2	2	1	3	-	1	2	-	1	-
Hrossagaukur	1	-	3	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Jaðrakan	-	-	-	1	3	1	1	-	-	1	-	-	1	-
Spói	1	-	-	1	1	1	1	1	1	1	1	-	1	-
Stelkur	1	-	-	1	1	1	1	2	1	1	1	1	1	1
Öðinshani	-	-	-	-	-	1	1	-	2	1	-	1	2	-
Kjóí	-	1	-	1	1	1	1	3	2	1	1	2	1	-
Hettumáfur	-	-	-	-	-	1	1	-	-	1	1	-	1	-
Sílamáfur	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	1
Silfumáfur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1
Hvítumáfur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	1
Svarfbakur	1	1	-	-	-	-	1	-	-	1	1	1	1	1
Rita	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1
Kría	1	-	-	-	1	1	1	-	-	1	1	1	1	-
Álka	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1
Teista	-	-	-	-	-	-	1	-	-	1	1	1	1	1
Lundi	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	1	1	1
Þúfatittlingur	1	3	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Mariuerla	-	-	-	1	1	1	1	-	-	1	1	1	1	1
Músarrindill	-	-	3	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Steindrepill	1	-	-	1	1	1	1	3	1	1	1	1	1	-
Skógarþröstur	1	-	1	1	1	1	1	2	1	1	1	1	1	-
Hrafn	1	-	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Snjótitlingur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1

6. viðauki. Fjöldi tegunda í einstökum reitum eftir matstigum. - Number of species breeding in each square by breeding categories.

Reitur Square	Svæði Area	Fjöldi varptegunda eftir stigum Number of species by breeding categories					Eldra varp Old records A
		1	2	3	1+2	1+2+3	
3540	Steingrímsfjarðarheiði - Lágidalur	17	0	1	17	18	1
3541	Þorskafjarðarheiði	8	2	1	10	11	0
3640	Kirkjutungufjall	7	1	4	8	12	0
3641	Staðardalur	21	1	2	22	24	1
3741	Steingrímsfjarðarbotn	31	1	2	32	34	2
3742	Skeljavík - Tröllatunga	35	0	1	35	36	1
3743	Tröllatunguheiði	13	3	6	16	22	1
3840	Goðdalur - Hólsfjall	18	4	2	22	24	1
3841	Þjarnarfjörður - Þjarnarfjarðarháls	34	0	1	34	35	2
3842	Gálmaströnd	26	1	1	27	28	1
3940	Kaldbaksvík - Balar	27	2	0	29	31	1
3941	Þjarnarnes	30	1	0	31	33	0
3942	Grínsey	20	0	0	20	20	1

FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

1. Bergþór Jóhannsson 1985. Tillögur um nöfn á íslenskar mosa-ættkvíslir. 35 s.
2. Jóhann G. Guðnason 1985. Dagbók um Heklugosið 1947-1948. 31 s.
3. Oddur Erlendsson 1986. Dagskrá um Heklugosið 1845-6 og afleiðingar þess. 49 s.
4. Haukur Jóhannesson 1987. Heimildir um Grímsvatnagösin 1902-1910. 40 s.
5. Erling Ólafsson 1988. Könnun á smádýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal. 86 s.
6. Ævar Petersen 1988. Leiðbeiningar við fuglamerkingar. 16 s.
7. Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson 1988. Aldur Illa-hrauns við Svartsengi. 11 s.
8. Sigmundur Einarsson og Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Arnar-seturshrauns á Reykjanesskaga. 15 s.
9. Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Hallmundarhrauns í Borgarfirði. 12 s.
10. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undafíflar. 262 s.
11. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. 42 s.
12. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir mosar. Barnamosaætt. 94 s.
13. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Sótmosaætt og haddmosaætt. 71 s.
14. Erling Ólafsson 1990. Ritverk um íslensk skordýr og aðra hópa landlífdýra. 34 s.
15. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Slæðumosaætt, bólmosaætt, taðmosaætt og hettumosaætt. 80 s.
16. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Krónumosaætt, næfurmosaætt, tæfilmosaætt, brámosaætt, skottmosaætt og hnotmosaætt. 44 s.
17. Erling Ólafsson 1991. Íslenskt skordýratal. 69 s.
18. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1988. 38 s.
19. Bergþór Jóhannsson 1991. Íslenskir mosar. Brúskmosaætt. 119 s.
20. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Vendilmosaætt, sverðmosaætt, fjöðurmosaætt og bikarmosaætt. 78 s.

Framhald á innsíðu

Framhald af baksíðu

21. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Grytumosaætt. 122 s.
22. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Klukkumosaætt, dægurmosaætt og fleira. 47 s.
23. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1989. 43 s.
24. Bergþór Jóhannsson 1993. Íslenskir mosar. Skeggmosaætt. 116 s.
25. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992. 126 s.
26. Bergþór Jóhannsson 1995. Íslenskir mosar. Skænumosaætt, kollmosaætt, snoppumosaætt, perlumosaætt, hnappmosaætt og toppmosaætt. 129 s.
27. Bergþór Jóhannsson 1995. Íslenskir mosar. Hnökkmosaætt. 162 s.
28. Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987-1994. 76 s.